

**SKOÐUN** Ég elska íslenska smjörið ekki baun, skrifar Guðmundur Andri Thorsson. 17



**MENNING** Ellen Loftsdóttir og Porbjörn Ingason frumsýna nýja tískumynd í dag. 38



**SPORT** Alfreð Finnbogason átti erfitt með að horfa á þegar dregið var í riðla fyrir HM í Brasilíu. 32







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Mánudagur
16. DESEMBER 2013
295. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Mikill munur á gjöldum

Allt að 148 prósentum munaði á æfingagjöldum barna hjá fimleikafélögunum þegar ASÍ kannaði æfingagjöldin. 8

**Gögnin til Reykjavíkur** Ekki er við póstinn að sakast heldur sveitarstjórann segir sveitarstjórnarmaður í Mýrdalshreppi. 2

**Sérfróðir um suðurskautið** Sjö starfsmenn og níu bílar eru frá Arctic Trucks á suðurskautinu. Nokkrir starfsmenn farið fimmtán sinnum. 6




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -3° | | SV | 3 |
| Akureyri | -3° | | SV | 2 |
| Egilsstaðir | -2° | | SA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | | N | 4 |
| Reykjavík | -2° | | SV | 4 |

**HÆGUR VINDUR** Yfirleitt hæg suðvestlæg eða breytileg átt í dag með éljum S- og V-til, einkum síðdegis en annars léttskýjað. Vægt frost. 4

### 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk




# Ábyrgð létt af fjölskyldunum

**Aðstandendur geðsjúkra og fagfólk gagnrýna að fjölskyldur séu látnar sækja um nauðungarvistun fyrir ástvini. Á Akureyri hefur þróast ólíkt verklag við að nauðungarvista fólk, þar sem félagsþjónustan er umsækjandinn.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fagfólk og aðstandendur fólks sem er nauðungarvistað á sjúkrahúsi vegna geðsjúkdóma gagnrýna að aðstandendur þurfi að skrifa undir beiðni um nauðungarvistun og segja það skaða samskipti innan fjölskyldna.

Mismunandi verklag við framkvæmd nauðungarvistana hefur skapast á Landspítalanum og Sjúkrahúsi Akureyrar, en á Akureyri sér félagsþjónustan um slíkar beiðnir.

„Ef okkur sýnist heppilegt að sveitarfélagið létti þessu af fjölskyldunni er engin tregða hjá félagsþjónustunni hér norðan- og austanlands,“ staðfestir Sigmundur Sigfússon, forstöðulæknir geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri. Hann segir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu síður hafa viljað taka að sér þetta hlutverk.

„Ég veit ekki af hverju. Þetta er svo viðkvæmt að svipta einhvern í fjölskyldunni frelsi, að það kemur sér vel ef sveitarfélögin vilja taka það að sér,“ segir Sigmundur.

Á Akureyri er jafnframt reynt að komast hjá því að leggja fólk inn í svokallaða 48 klukkustunda vistun, sem krefst hvorki samþykkis aðstandenda né sveitarfélags. „Við viljum að málið sé rannsakað svo vel að pappírarnir ráðuneytinu séu tilbúnir áður en sjúklingur er lagður inn.“

Tómas Zoëga, yfirlæknir á geðsviði Landspítalans, segir velferðarsvið Reykjavíkur skrifa oftar undir nauðungarvistanir en áður. „En frumkvæðið kemur venjulega frá aðstandendum,“ segir Tómas. Hann segir erfitt að sjá að fækkun 48 klukkustunda nauðungarvistana gæti gengið upp í Reykjavík.

„Yfirsýnin er meiri í minni sveitarfélögum. Hér getur fólk komið inn fárveikt og án þess að hafa fengið þjónustu áður. Þá höfum 48 klukkustundir til að meta stöðuna,“ bendir Tómas á, en hann segir erfitt að meta fárveikt fólk utan stofnana. - eb / sjá síðu 12

> **Þetta er svo viðkvæmt að svipta einhvern í fjölskyldunni frelsi.**
>
> *Sigmundur Sigfússon, forstöðulæknir geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri*



**JÓLATRÉÐ HÖGGVIÐ Í HJALLADAL** Líf og fjör var í Heiðmörk um helgina þar sem höggvin voru jólatré og boðið upp á heitt kakó við logandi varðeld. Ágóðinn af sölu jólatrjánna rennur til Skógræktarfélags Reykjavíkur. Í staðinn fyrir hvert tré sem höggvið er gróðursetur Skógræktarfélag Reykjavíkur önnur þrjátíu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Miklar annir hjá Ólafi Darra:

## Frumsýning á kvikmynd og leikriti í janúar

**FÓLK** „Það var alveg truflað að vinna með Ben, ég hef fylgst með honum svo lengi,“ segir Ólafur Darri Ólafsson leikari, en hann leikur á móti Ben Stiller í kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty, sem verður frumsýnd á Íslandi 3. janúar næstkomandi.



**ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON**

Ólafur Darri sér ekki fram á að vera viðstaddur fleiri forsýningar á myndinni sökum mikilla anna, en hann er þessa dagana við æfingar á Hamlet í Borgarleikhúsinu, sem einnig verður frumsýnt í byrjun nýs árs.

Meðal annarra verkefna sem Ólafur Darri hefur tekið að sér að undanförnu er prufuþáttur að nýrri sjónvarpsþáttaseríu undir stjórn Jonathans Demme, sem leikstýrði kvikmyndinni The Silence of the Lambs. - glp / sjá síðu 38






Svínshausar einkennismerki haturs sem beinist gegn múslimum í Svíþjóð:

# Umburðarlyndi fer líka vaxandi

**LÖGREGLUMÁL** Algengt er að svínshöfuð séu notuð til að mótmæla moskum í Svíþjóð. Í samhengi við það sem hefur verið að gerast í Svíþjóð er það því augljós hatursglæpur þegar svínshöfðum, svínslöppum og Kóraninum var komið fyrir á lóð Félags íslenskra múslima í Sogamýrinni nýverið. Þetta segir Klas Borell, prófessor við Jönköpingháskóla í Svíþjóð og sérfræðingur um hatursglæpi.

Borell segir vaxandi fjölda slíkra hatursglæpa í Svíþjóð hafa haft áhugaverða hliðarverkan. Þannig hvetji þessir hatursglæpir umburðarlyndari borgara landsins til að lýsa skoðunum sínum og standa með múslimum.

„Svínshöfuð eru orðin einkenni hatursglæpa sem beinast gegn eigum múslima,“ segir Borell. Niðurstöður rannsóknar sem hann vann meðal múslima í Svíþjóð sýna að fjórir af hverjum tíu söfnuðum hafa orðið fyrir hatursglæpum.

Eins og fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu hefur lögreglan lokið rannsókn á því þegar komið var fyrir svínshöfðum, svínslöppum og blóðugu eintaki af Kóraninum á lóð múslima í Sogamýri. Ákærusvið lögreglu fjallar nú um málið.

Svipað atvik kom upp í borginni Trollhättan í Suður-Svíþjóð síðastliðinn miðvikudag. Þá var svínshöfuð skilið eftir við aðalinngang mosku í borginni.

„Okkur er ekki órótt af því að þetta er svín, þetta væri hræðilegt sama hvaða dýr væri um að ræða. Svo breytir engu að þetta sé við mosku, þetta væri ógeðfellt hvar sem er,“ sagði Salim, talsmaður moskunnar, við sænska blaðið Expressen.

Talsmaður lögreglu segir tilvik sem þetta koma upp af og til, oftast þegar jólin nálgist. - bj



**HATUR** Svínshöfuð eru orðin einkenni hatursglæpa gegn eigum múslima í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## SPURNING DAGSINS



Herbert, ertu að svara kalli aðdáenda þinna?

**„Já, ef menn hringja.“**
Herbert Guðmundsson tónlistarmaður hélt tónleika á Kex Hostel á sunnudag í tilefni af sextugsafmæli sínu. Hann er einnig að senda frá sér nýjan tvöfaldan safndisk.

Japanskur embættismaður stunginn í Jemen þegar hann varðist mannráni:

# Árásum fjölgar á erlenda íbúa

**JEMEN, AP** Japanskur embættismaður var stunginn í höfuðborg Jemen, þegar hann barðist gegn mönnum sem reyndu að ræna honum. Hann varð fyrir nokkrum stungusárum þegar hann reyndi að komast inn í bíl sinn og var lagður inn á spítala.

Talsmaður japanska utanríkisráðuneytisins segir að enn sé verið að safna upplýsingum um árásina.

Ástandið í Jemen hefur verið óstöðugt síðan Ali Abdullah Saleh lét af völdum árið 2011, eftir fjölmen mótmæli. Á undanförnum mánuðum hefur árásum á erlenda borgara fjölgað.

Fyrr í þessum mánuði féllu 52 í árás sem gerð var á varnarmálaráðuneyti landsins, sem Al-Kaída lýsti ábyrgð sinni á. Var ástæða árásarinnar sögð vera að bandarískum ómönnuðum flugvélum væri stýrt úr ráðuneytinu.

Þjóðfundur hefur verið haldinn í Jemen, þar sem unnið var að gerð nýrrar stjórnarskrár og undirbúningi kosninga á næsta ári. - skó



**LEITAÐ VOPNA** Öryggissveitir leita vopna á manni fyrir utan spítala þar sem maðurinn liggur. Ástand hans er sagt vera stöðugt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leitinni frestað til morguns:

# Árangurslaus leit að skipverja

**SLYS** Landhelgisgæslunni (LHG) barst í gærkvöldi aðstoðarbeiðni frá flutningaskipinu Alexía vegna skipverja sem var saknað. Talið var að hann hefði fallið fyrir borð þegar skipið var að koma inn til hafnar á Reyðarfirði.

Slæmt veður var á svæðinu og leitarsvæðið stórt, að því er fram kom í tilkynningu LHG. Leitin bar ekki árangur og var ákveðið í samráði við lögreglu og bakvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar að fresta henni til morguns. - hg



**ÚTFÖR MANDELA** Joyce Banda, forseti Malaví, hélt ræðu við útför Nelsons Mandela í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Margir viðstaddir jarðarför fyrsta svarta þjóðarleiðtogans:

# Útför Mandela fór fram í gær

**SUÐUR-AFRÍKA, AP Útför Nelsons Mandela fór fram á æskuslóðum hans í Qunu í Suður-Afríku í gær. Um 4.500 manns voru viðstaddir.**

**Við jarðarförina var hans minnst með helgisiðum að hætti Xhosa-ættbálksins. Kveikt var á 95 kertum, einu fyrir hvert aldursár Mandela. Meðal viðstaddra voru fyrrverandi samviskufangar aðskilnaðarstefnunnar, fjölskyldumeðlimir Mandela, þjóðarleiðtogar og frægðarfólk.**

**Minningabók um Mandela mun liggja frammi hjá Verslunarráði Íslands, Kringlunni 7, í dag og á morgun frá klukkan 10 til 16. Þeir sem vilja minnast látna leiðtogans geta skráð nöfnin sín í bókina.** - ue

Kviknaði í mannlausu húsi:

# Eldsupptök líklega í ofninum

**BRUNI** Eldur kom upp í íbúðarhúsi rétt vestan við Vík í Mýrdal um miðjan dag í gær. Húsið var mannlaust þegar eldurinn kom upp og gekk slökkvistarf hratt fyrir sig að sögn Guðmundar Inga Ingasonar, varðstjóra lögreglunnar á Hvolsvelli.

Talið er að eldsupptökin hafi orðið í rafmagnsofni í kjallara hússins en nánari rannsókn fer fram á næstu dögum. Húsið, sem var í góðu ástandi, hafði verið nýtt sem sumarhús og mikil vinna verið lögð í viðhald síðustu ár. - eb

Fundu aðeins metangas:

# Engin olía á Skjálfandaflóa

**ORKUMÁL** Engin ummerki fundust um olíu né jarðgas í borkjarnasýnum sem tekin voru á Skjálfandaflóa í haust, aðeins metangas.

Rannsóknaskip var í haust notað til að ná tuttugu borkjarnasýnum af hafsbotni á þremur svæðum á Skjálfanda. Um var að ræða samstarfsverkefni Orkustofnunar, ÍSOR og Háskóla Íslands.

Ekki er öll von úti enn og nú er stefnt á að skoða betur hvort eitthvað leynist undir Öxarfirði. - kmu

# Sendu fundargögnin fyrst til Reykjavíkur

**Sveitarstjórinn í Mýrdalshreppi er sakaður um ósanngirni með því að kenna Póstinum um að fundargögn hafi borist seint. Pósturinn segir sveitarstjórann hafa átt að kaupa A-póst. Sveitarstjórinn segir Póstinn sjálfan hafa valið B-póstsendingu.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Mér finnst þetta mjög ósanngjarnt þar sem ekkert er við póstþjónustuna að sakast,“ segir Eva Dögg Þorsteinsdóttir sem situr ein í minnihluta í sveitarstjórn Mýrdalshrepps.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á föstudag sat Eva hjá þegar sveitarstjórn afgreiddi fjárhagsáætlun næsta árs þriðjudaginn 10. desember. Sagði hún fundargögn hafa borist henni aðeins sólarhring fyrir fund og að hún hefði ekki verið boðuð á vinnufundi við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri bókaði á fundinum að fundargögnin hefðu verið sett í póst á Vík fimmtudaginn 5. desember. Óásættanlegt væri að Eva hefði ekki fengið gögnin fyrr.

„Sveitarstjóri og oddviti sáu um að koma fundargögnum í póst og þetta var sent með B-pósti þannig að það var aldrei möguleiki fyrir mig að fá gögnin fyrr en á mánudeginum því B-póstur fer allur til Reykjavíkur í flokkun og póstur sem er sendur á fimmtudegi með B-pósti kemur aftur til Víkur á mánudegi,“ útskýrir Eva.

„Ég tel markmið bókunarinnar hafi fyrst og fremst verið að beina athyglinni frá því að mér var haldið frá umræðu um fjárhagsáætlun,“ segir Eva. „Ég sit ein í minnihluta, svo valdið er algerlega hjá þeim ef þau vilja, en að halda mér frá umræðu er ólíðandi.“

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri segir Evu hafa verið frjálst eins og öðrum að leggja eittvað til við fjárhagsáætlun.

„En ég held að hún hafi ekki lagt fram neina tillögu. Þetta er bara nöldur, það er ekki hægt að orða það öðruvísi,“ segir sveitarstjórinn sem kveður það hafa verið oddvitann sem skaust með fundargögnin í póst. Það hljóti að vera mistök póstsins að gögnin fóru í B-póst.

„Og eins furðulegt og það nú er sendir pósthúsið í Vík B-póst fyrst til Reykjavíkur áður en hann kemur til Víkur. Þetta er bara fíflagangur,“ segir sveitarstjórinn.

Brynjar Smári Rúnarsson, markaðsstjóri Íslandspósts, segir í yfirlýsingu að valinn hafi verið B-póstur þegar bréfið var póstlagt. „Sveitarstjórinn á Vík hefði því þurft að senda bréfið í A-pósti til þess að tryggja það að viðtakandi fengi umrætt bréf á réttum tíma,“ segir markaðsstjórinn.

gar@frettabladid.is



**EVA DÖGG ÞORSTEINSDÓTTIR** Skoðaði umslagið frá hreppnum eftir bókun sveitarstjórans og sá að það var merkt sem B-póstur.

> **Þetta er bara nöldur, það er ekki hægt að orða það öðruvísi.**
> *Ásgeir Magnússson sveitarstjóri Mýrdalshrepps.*

## Póstkostnaður

| | |
|---|---|
| A-póstur | 120 krónur |
| B-póstur | 103 krónur |

*Heimild: Íslandspóstur.*




Tveir menn í farbanni grunaðir um kynferðisbrot gegn ungri konu á Ísafirði:

# Fólk á Ísafirði í áfalli eftir árás

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Vestfjörðum hefur farið fram á að tveir mannanna fimm sem voru handteknir á Ísafirði á laugardagsmorgun verði settir í farbann. Þeir eru grunaðir um kynferðisbrot gagnvart ungri konu á Ísafirði.

Mönnunum var sleppt að loknum yfirheyrslum í gær. Tveir hafa réttarstöðu sakborninga og hafa verið úrskurðaðir í farbann til 17. febrúar.

Ung kona var flutt til skoðunar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða eftir að tilkynnt var um brotið en hún var útskrifuð þaðan á laugardag.

Mennirnir eru allir af erlendu bergi brotnir en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er stúlkan íslensk og um tvítugt. Lögreglan verst allra frétta um málið. Eftir því sem næst verður komist voru mennirnir stöðvaðir í miðjum klíðum við brot sitt þegar vinkona konunnar kom á vettvang.

Harpa Oddbjörnsdóttir, starfskona Sólstafa, sem eru eins konar systursamtök Stígamóta á Ísafirði, segir árásina mikið áfall. „Þetta er rosalegt brot, eins og öll brot en þetta er áfall, fólk er í áfalli hérna,“ segir Harpa.

Hún segir tíðindi dagsins setja óhug að bæjarbúum. „Það er náttúrlega alltaf erfitt að hugsa til þess að svona menn gangi lausir. Ég veit að tveir þeirra hafa verið settir í farbann en það er auðvitað óþægileg tilhugsun að vita af þeim hérna í bænum.“

Hún segir hug bæjarbúa hjá konunni sem brotið hafi verið gegn. Hún veit ekki til þess að haft hafi verið samband við Sólstafi vegna málsins. „En ég vona að það komist til hennar einhvern veginn, að ég held, að allir bæjarbúar séu að hugsa til hennar. Að það sé fólk sem standi á bak við hana.“ - hþ



**ÍSAFJÖRÐUR** Lögreglan á Vestfjörðum verst allra frétta af málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA





1.000 kr. notkun í 12 mánuði fylgir!

1.000 kr. notkun í 12 mánuði fylgir!

1.000 kr. notkun í 6 mánuði fylgir!

4G LTE

4G LTE

**iPhone 5s** 16GB
**109.990 kr.** stgr.
**6.690 kr.** /18 mán.

**iPhone 5c** 16GB
**89.990 kr.** stgr.
**5.490 kr.** /18 mán.

**iPhone 4** 8GB
**59.990 kr.** stgr.
**3.690 kr.** /18 mán.

# Jólasímarnir eru komnir til byggða






500 kr. notkun í 3 mánuði fylgir!

500 kr. notkun í 3 mánuði fylgir!

500 kr. notkun í 3 mánuði fylgir!

500 kr. notkun í 3 mánuði fylgir!

BÍÓKORT NOVA

**Samsung Galaxy Pocket Plus**
**12.990 kr.** stgr.

**LG Optimus L3 II**
**16.990 kr.** stgr.
**1.590 kr.** /12 mán.

**Nokia 301**
**15.990 kr.** stgr.
**1.490 kr.** /12 mán.

**Samsung Galaxy Young**
**19.990 kr.** stgr.
**1.790 kr.** /12 mán.

## Jóladagatal Nova

17 16

Yfir 3.000 vinningar!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

**4G hjá Nova** er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ, Skorradal og Grímsnesi.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

NOVA

Brandenburg

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Símnotkun fylgir 0 kr. Nova í Nova og umframnotkun í Súper Nova, áskrift og frelsi. Sjá, verðskrá á nova.is. 4G styður yfir 100 Mb/s hraða. Algengur hraði til notenda er um 20–40 Mb/s. Til samanburðar má nefna að hraði 3G er um 2–4 Mb/s.

## SVONA ERUM VIÐ



**721** **leigusamningi um íbúðarhúsnæði var þinglýst í nóvember síðastliðnum.** Samningunum fækkaði þá um 24,2 prósent frá október 2013 en fjölgaði um 4,5 prósent frá nóvember 2012.

Samfylkingin kynnti breytingatillögur við fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar:

# Vill styðja tekjulægstu hópana

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin vill hækka mörk millitekjuskattþreps úr 250 þúsund krónum í 350 þúsund. Flokkurinn vill einnig falla frá öllum gjaldskrárhækkunum, hækka útgjöld til húsaleigubóta um milljarð og verja fjórum milljörðum í að styðja hópa í lægsta tekjuþrepinu.

Þetta kemur fram í breytingatillögum flokksins við fjárlagafrumvarp og tekjuöflunarfrumvarp ríkisstjórnarinnar sem voru kynntar á blaðamannafundi á laugardag.

Þar kynntu þingmenn flokksins að þeir vildu setja sókn í velferðar- og atvinnumálin og verja fé í verkefni sem tryggt geti vöxt og arð á næstu áratugum, svo sem með því að leggja fimm milljarða í heilbrigðiskerfið og hafna sjúklingasköttum.

Helstu nýju tekjuliðir sem Samfylkingin leggur til eru 3,3 milljarðar vegna útboðs á leiguheimildum til makrílveiða, tekjur vegna hækkunar sérstaks veiðigjalds, virðisaukaskatts á gistinætur og sex milljarða hærri í bankaskatt en ríkisstjórnin hyggst gera. - fbj



**Á BLAÐAMANNAFUNDINUM** Þingmenn Samfylkingarinnar kynntu tillögurnar á laugardag.

Niðurskurði á Rúv mótmælt:

# Um 100 mættu á Austurvöll

**MÓTMÆLI** Samstöðufundur til að mótmæla niðurskurði í Ríkisútvarpinu var haldinn á Austurvelli í gær undir yfirskriftinni Hlustendavaka. Um 100 manns mættu á mótmælin samkvæmt frétt á fréttavef Rúv.

Til máls tóku meðal annarra tólf ára gamall hlustandi Leynivinafélagsins sem talaði um mikilvægi útvarpsefnis fyrir börn. Þá fluttu aðrir góðvinir Rúv erindi eða fluttu ljóð. - ue



**HLYNNT ESB** Um 200 þúsund mótmæltu ákvörðun stjórnvalda um að semja ekki við ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um 200 þúsund mótmæltu:

# Um 15 þúsund sýndu stuðning

**ÚKRAÍNA, AP** Eftir um fjögurra vikna dagleg mótmæli í höfuðborg Úkraínu söfnuðust 200 þúsund mótmælendur saman í gær til að mótmæla ákvörðun stjórnvalda um að hætta við að tengjast Evrópusambandinu nánari böndum.

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar töluðu á fundinum, sem fór fram á Sjálfstæðistorginu í Kænugarði.

Í um eins kílómetra fjarlægð frá mótmælunum sýndi um 15.000 manna hópur stuðning sinn við ríkisstjórnina og áform hennar um að efla samvinnu Úkraínu við Rússland. - ue

## SKAGAFJÖRÐUR

### Trúnaður um gagnaveitu

„Það skýtur óneitanlega skökku við að innihald samnings þar sem undirritun var ljósmynduð í bak og fyrir, skuli vera bundin sérstökum trúnaði," segir í bókun sveitarstjórnarfulltrúa Frjálslyndra og óháðra í Skagafirði vegna viljayfirlýsingar um sölu á Gagnaveitu Skagafjarðar til Mílu.

# Speglanir drógust saman um þriðjung

**Tíðni meltingarvegs- og berkjuspeglana á Landspítalanum dróst saman um 33 prósent árið 2003 miðað við árið á undan. Speglunum á einkastofum fjölgaði á sama tíma um 167 prósent. Aðstaða til speglana á spítalanum var hugsanlega vannýtt.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi ákveðinna speglana á Landspítalanum dróst saman um 33 prósent árið eftir að stjórn spítalans ákvað að hætta að greiða læknum í samræmi við unnin verk á göngudeildum og greiða eingöngu föst laun. Speglunum á einkastofum fjölgaði hins vegar um 167 prósent.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn hagfræðinganna Unu Jónsdóttur og Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur þar sem fjöldi meltingarvegs- og berkjuspeglana á árunum 2000 til 2005 var skoðaður. Þar er litið á desembermánuð 2002 sem vendipunkt því þá ákvað stjórn Landspítalans að fara í breytingar á launagreiðslum til lækna og afnema svokallaða ferliverkasamninga.

„Þá færðust þessi læknisverk í auknum mæli inn á einkastofur þar sem læknar fengu greitt í samræmi við unnin verk," segir Una Jónsdóttir og heldur áfram:

„Ef þú ert að fá greitt fyrir hvert læknisverk þá gætirðu haft hvata til að toga í fleiri læknisheimsóknir eða sinna fleiri sjúklingum en þörf er á. Ef þú ert á föstum launum, óháð því hversu mörgum sjúklingum þú sinnir, þá getur maður ímyndað sér að launin hafi þau áhrif að læknir taki á móti færri sjúklingum. Við erum ekki að segja að eitthvað eitt kerfi sé betra en annað en erum einungis að sýna að greiðslur til lækna geta verið mikilvægur áhrifaþáttur í meðferð sjúklings," segir Una.

Hún og Tinna Laufey benda einnig á að aðstaða til speglana á spítalanum hafi hugsanlega verið vannýtt eftir að ferliverkasamningunum lauk.

„Við sáum að spítalinn hafði bolmagn til að framkvæma allt að 7.475 speglanir árið 2001 en framkvæmdi einungis 4.377 árið 2005.





**LSH** Landspítalinn framkvæmdi yfir sjö þúsund speglanir árið 2001 en einungis 4.377 árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Ef þú ert að fá greitt fyrir hvert læknisverk þá gætirðu haft hvata til að toga í fleiri læknisheimsóknir eða sinna fleiri sjúklingum en þörf er á.**
>
> *Una Jónsdóttir hagfræðingur*

Þannig má hugsa sér að sóun hafi falist í því að koma upp aðstöðu á einkastofum þegar hún var hugsanlega tiltæk á Landspítalanum."

Una undirstrikar að rannsóknin hafi einnig leitt í ljós að heildarfjöldi speglana hafi aukist á þessum tíma, en það sé ekki víst að sú aukning hafi verið vegna breytts greiðslufyrirkomulags þar sem speglunum á Sjúkrahúsinu á Akureyri fjölgaði einnig á umræddu tímabili þrátt fyrir að ferliverkasamningarnir séu þar enn í gildi.

„Heildaraukning speglana gæti því verið af öðrum orsökum sem ekki voru til athugunar í rannsókninni. Eftir stendur þó þessi mikla tilfærsla verka á milli þjónustueininga sem verður tæplega skýrð með öðrum hætti en vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi."

haraldur@frettabladid.is

Starfið auglýst á næstunni:

# Hættur hjá Klak Innovit

**VIÐSKIPTI** Kristján Freyr Kristjánsson hefur að eigin ósk sagt starfi sínu sem framkvæmdastjóra félagsins lausu. Hann hefur starfað hjá félaginu í fimm ár, þar af í þrjú ár sem framkvæmdastjóri, að því er fram kemur í tilkynningu. Þar segir að starfið verði auglýst á næstunni.



**KRISTJÁN FREYR KRISTJÁNSSON**

Klak Innovit hefur síðustu ár stýrt ýmsum verkefnum sem styðja við frumkvöðla og sprotafyrirtæki hér á landi og erlendis. Má þar nefna verkefni á borð við Gulleggið, StartupReykjavík og Seed Forum. - hg

Leyfi fyrir Suðurnesjalínu 2:

# Lýsa furðu á leyfisveitingu

**NÁTTÚRUVERND** Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands lýsir furðu á leyfisveitingu Orkustofnunar fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2 og beiðni Landsnets um eignarnám á jörðum á Vatnsleysuströnd á áætlaðri línuleið.

„Ekki verður séð á gögnum að Orkustofnun hafi sinnt eftirlitshlutverki sínu sem skyldi heldur látið Landsnet mata sig á upplýsingum sem henta markmiðum fyrirtækisins," segir í yfirlýsingu frá samtökunum. Þar segir einnig að Orkustofnun skuli gæta þess að ekki séu reist flutningsmannvirki sem ekki sé þörf á. Til að gegna því hlutverki hafi Orkustofnun að leggja sjálfstætt mat á þörf fyrir mannvirki. Það hafi hún ekki gert við afgreiðslu leyfisveitingar til Landsnets. - eb





## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**JÓLALEGT VEÐUR** Veður verður svipað þar til seinnipartinn á morgun en þá gengur í hvassa austanátt með mikilli úrkomu síðdegis og annað kvöld. Yfirleitt snjókoma en slydda syðst þar sem hlýnar aðeins um tíma.





**Á morgun**
Hæg suðlæg en hvöss A-átt síðdegis.





**Miðvikudagur**
8-18 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 10° | Gautaborg | 6° | London | 13° | Orlando | 19° | San Francisco | 19° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 17° | Ósló | 6° | Stokkhólmur | 7° |
| Berlín | 6° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 21° | New York | -2° | París | 9° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**Spotify Premium** í 1 mánuð og
**Netið í símanum** í 6 mánuði, allt að
1 GB x 6, fylgja völdum símum.

Spotify

**Huawei Ascend G700**
Kröftugt vinnutæki.

1.850 kr.
á mánuði í 24 mánuði*

Staðgreitt: 39.900 kr.

8GB 8MP CPU x4 1,2GHz 5" 1080p@30fps WiFi
GPS 3G

**LG L3 II**
Hagleikssmíði frá verkstæði jólasveinsins.

1.490 kr.
á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 16.900 kr.

4GB 3,15MP CPU 1GHz 3.2" VGA@30fps WiFi
GPS 3G

*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mán.gjald.

siminn.is/jol

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM55607

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir forsætisráðherra Taílands?
**2.** Hver varð fyrst íslenskra sundkvenna til að keppa í úrslitum á Evrópumeistaramóti í 25 metra laug?
**3.** Hvað heitir jólaplata Sigríðar Thorlacius?

**SVÖR**
**1.** Yingluck Shinawatra **2.** Eygló Ósk Gústafsdóttir **3.** Jólakveðja

VR minnir verslunarfólk á nauðsynlega hvíld og skráningu á vinnutímum:

# Réttindi gleymast í vinnutörnum

**ATVINNULÍF** Þar sem mesta vinnutörn starfsfólks verslana er hafin hefur VR hafið hvatningu sína til atvinnurekenda og launþega um að virða réttindi starfsmanna.

VR minnir starfsmenn á að skrá vinnutíma og minnir yfirmenn á frídaga, laun á frídögum, frítökurétt, hvíldartíma og kaffitíma.

„Þessi mál koma yfirleitt upp eftir jól þegar fólk fer að skoða jólin í baksýnisspeglinum. Það nær ekki að hugsa um þetta í jólaösinni þegar allt er á fullu,“ segir Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs VR.

„Aukinn áróður og upplýsingagjöf frá okkur hefur reyndar skilað sér í færri málum og kvörtunum. Einnig hefur vinnumarkaðurinn breyst. Nú er meira vaktafyrirkomulag í verslunum þannig að sama fólkið er ekki að vinna frá níu á morgnana til tíu á kvöldin. Það eru helst vinnuveitendur sem ruglast með greiðsluþáttinn, álag og desemberuppbót.“ **- ebg**




**RÉTTINDI** Verslunarfólk verður að huga að réttindum sínum í jólaönnunum í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Halda prófkjör eftir áramót:

# Píratar bjóða fram í borginni

**STJÓRNMÁL** Píratar í Reykjavík, svæðisbundið aðildarfélag Pírata sem stofnað var formlega á laugardag, munu bjóða fram lista í nafni Pírata í borgarstjórnarkosningunum 2014.

Kosið verður um listann í netkosningu. Halldór Auðar Svansson, nýkjörinn formaður Pírata í Reykjavík, segir að prófkjör muni væntanlega fara fram skömmu eftir áramót. Hann segir ekki óraunhæft að ná tveimur eða þremur borgarfulltrúum. **- hva**

Lést eftir langvinn veikindi:

# Leikarinn Peter O'Toole látinn

**MENNING** Írski leikarinn Peter O'Toole lést á sjúkrahúsi í Lundúnum í fyrradag eftir langvinn veikindi. O'Toole, sem varð áttatíu og eins árs, skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann lék í kvikmyndinni Lawrence of Arabia árið 1962. Á ferlinum var hann átta sinnum tilnefndur til Óskarsverðlaunanna, en hreppti þau aldrei. Hann tilkynnti á síðasta ári að leikferli hans væri lokið.



**PETER O'TOOLE**

Forseti Írlands, Michael Higgins, var með þeim fyrstu til að minnast O'Toole: „Írland, og heimurinn, hefur nú misst eina af helstu stjörnum kvikmynda og leikhúss.“ **- eb**

Prófaði rafræn skilríki:

# Skrifaði undir með símanum

**STJÓRNSÝSLA** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra skrifaði nýverið undir tilkynningu frá ráðuneytinu til Alþingis með rafrænum skilríkjum með síma sínum.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Í tilkynningu segir að með þessu hafi verið stigið mikilvægt skref í rafrænni stjórnsýslu. Hefð hefur verið fyrir því að slíkar tilkynningar séu undirritaðar með bleki á pappír.

„Með þessu höfum við tekið stefnu í átt að auknum rafrænum samskiptum í stjórnsýslunni, sem hefur í för með sér minni tilkostnað og þar með betri nýtingu á almannafé og sömuleiðis bætta umgengni við umhverfið,“ er haft eftir Bjarna í tilkynningunni. **- fbj**



**Á SUÐURPÓLNUM** Í Walking with the wounded-ferðinni voru 32 í hópnum með Íslendingunum fjórum, kvikmyndagerðarmönnum og læknum. Emil Grímsson leiðangursstjóri segir hópinn hafa verið ánægðan með ferðina. MYND/ARTICTRUCKS

# Mikil reynsla af ferðum á suðurskautið

Fyrirtækið Arctic Trucks hefur sinnt verkefnum á suðurskautinu í fimm ár og nú eru níu bílar og sjö starfsmenn á vegum fyrirtækisins þar að sinna ýmsum verkefnum. Þau hafa komið upp á móti mikilli fækkun jeppabreytinga hér á landi.

**FÓLK** „Það hefur verið ótrúlega mikið um að vera hjá okkur þetta tímabilið. Það sem Arctic Trucks (AT) gerir þarna suður frá er að styðja við ýmis verkefni og að þessu sinni snúast öll verkefnin um fólk sem er að fara á suðurpólinn. Við erum t.d. með Walking with the wounded-verkefnið sem var að klárast í fyrradag og gekk ótrúlega vel,“ segir Guðmundur Guðjónsson, verkefnisstjóri suðurpólsverkefna hjá Arctic Trucks.

Annað verkefni fyrirtækisins sem kláraðist nýverið snýr að mönnum frá Bandaríkjunum sem settu sér það markmið að keyra Toyota-bílum í öllum heimsálfunum sjö. Arctic Trucks hjálpaði þeim að skipuleggja ferðina og eftir að þeir komu í æfingaferð til Íslands keyptu þeir einn bíl og fyrirtækið lánaði þeim annan, auk bílstjóra og viðgerðarmanns. Þeir keyrðu um 6.000 kílómetra á 13 dögum, þvert yfir Suðurskautslandið og til baka. Þegar best gekk náðu þeir að fara 800 km á einum sólarhring og notaði hvor bíll um sig 2.800 lítra af olíu. Nokkur heimsmet féllu í þessum leiðangri. „Það er alveg sama hvað maður skoðar í þessum leiðangri, það er allt heimsmet. Það hefur aldrei verið farið á svona skömmum tíma fram og til baka yfir skautið og eins eiga þeir stysta tímann frá ströndu á pólinn. Þeir fóru á pólinn á undir 30 tímum frá Ross-íshellunni.“

Tveir leiðangrar eru enn í gangi, annar snýr að manni sem mun reyna að setja hraðamet í að ferðast á suðurpólinn á gönguskíðum og þá á innan við 22 dögum. Svo munu tveir bílar frá AT fylgja ungri konu á Ross-íshelluna á næstu dögum. Hún ætlar sér að setja heimsmet og hjóla frá ströndinni á pólinn.

Sex bílar frá AT eru staðsettir á suðurskautinu allt árið um kring og eru látnir standa úti yfir veturinn. „Við reynum að staðsetja á stöðum þar sem blæs af þeim og þar eru þeir bundnir niður svo þeir fjúki ekki. Við lokum svo fyrir öll göt þar sem snjór gæti hugsanlega smogið inn. Það er alveg ótrúlegt að stundum erum við ekki nema um klukkutíma að ná bílunum í gang.“

> **Það er alveg sama hvað maður skoðar í þessum leiðangri, það er allt heimsmet.**
>
> *Guðmundur Guðjónsson, verkefnisstjóri suðurpólsverkefna hjá Arctic Trucks*

Fyrir þetta ár var samanlögð reynsla Arctic Trucks á suðurskautinu 47 mánuðir. „Tveir af strákunum fóru núna í fimmta skipti, en það eru mjög fáir sem hafa komið svo oft þangað. Þeir hafa ferðast þvers og kruss um og við erum komnir með ótrúlega mikla reynslu.“ **samuel@frettabladid.is**









Osteópati gefur lítið fyrir nýlega tilkynningu um skaðleysi sætuefnis:

# Segir aspartam víst hættulegt

**HEILSUFAR** Haraldur Magnússon osteópati er ósammála því sem kemur fram í nýlegri tilkynningu þess efnis að sætuefnið aspartam sé skaðlaust.

Matvælastofnun sendi tilkynninguna út fyrr í vikunni, eftir að hafa fengið upplýsingarnar frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

Aðspurður segir Haraldur tilkynninguna ekki hafa komið sér á óvart. „Opinberar stofnanir hafa alltaf kappkostað við að reyna að réttlæta þetta efni. Það virðist ekki skipta neinu máli hversu margar neikvæðar rannsóknir koma fram. Það endar ávallt á því að vera í lagi með þetta.“

Hann segir ástæðuna fyrir þessu vera af pólitískum toga. „Pólitíkin er í eðli sínu þannig að það er ekki hægt að bakka á þessum tímapunkti. Ef það kæmu allt í einu fram núna óhyggjandi niðurstöður um að þetta sé hættulegt yrði það of mikill skaði fyrir orðspor þessara stofnana.“



**HARALDUR MAGNÚSSON**

Haraldur hefur skrifað margar greinar, meðal annars á Fitness.is, um skaðsemi aspartam. Reyndar hefur hann ekkert skrifað um málefnið í tvö ár vegna þess að honum fannst skrif sín ekki skila neinum árangri. „Síðan ég dró mig frá þessu kom ítalska Ramazzini-stofnunin með eina rannsókn sem sýndi fram á krabbameinsáhrif. Hún endurtók rannsóknina og fékk sömu niðurstöðu,“ segir hann og bætir við að þær rannsóknir sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísi til séu að mestu leyti kostaðar af hagsmunaaðilum. Þess vegna sýni þær aldrei fram á aukaverkanir.

„Ef það er í lagi með þetta efni, af hverju er sífellt verið að endurmeta það rúmlega þrjátíu árum eftir að það var leyft?“ spyr hann. **- fb**

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Nýr SKODA Octavia Combi

**ŠKODA Octavia Combi** er glæsilegur og rúmgóður fjölskyldubíll, hlaðinn staðalbúnaði. Má þar meðal annars nefna nálgunarvara að aftan, 16" álfelgur, fjarstýringar í stýri fyrir útvarp og síma og Bluetooth búnað fyrir síma og tónlist.

**ŠKODA Octavia Combi
kostar frá 3.970.000,-**

3,8 — Eyðsla frá 3,8 l/100 km

99g — $CO_2$ frá 99 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrar-prófunum EuroNcap

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
BÍLL ÁRSINS
2014

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Samið um sjúkraflutninga:
## Endurskoðað á næsta ári

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkratryggingar Íslands og Rauði kross Íslands hafa gert með sér samning sem tryggir til loka næsta árs áframhaldandi rekstur flestra þeirra sjúkrabíla á landsbyggðinni sem átti að taka úr rekstri í janúar.

Frestun á fækkun sjúkrabíla tekur til þeirra bíla sem staðsettir eru í Ólafsvík, Búðardal, á Hvammstanga, Ólafsfirði, Raufarhöfn og Skagaströnd.

Á næsta ári ætlar heilbrigðisráðherra að láta gera heildarendurskoðun á fyrirkomulagi sjúkraflutninga á landsbyggðinni. - jme

Vel gengur að flokka sorp:
## Bláa tunnan slær í gegn

**UMHVERFISMÁL** Hlutfall pappírs í gráu tunnunum í Reykjavík hefur minnkað úr 21 prósenti í 8 prósent, frá því í nóvember 2012 og þangað til í nóvember á þessu ári. Þetta má rekja til þess að nú á fólk að flokka sorp og setja pappír í bláar tunnur.

Fyrir ári fóru 106 tonn af pappír í bláu tunnurnar en 280 tonn í síðasta mánuði. - jme



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453

# Munar allt að 148 prósentum á æfingagjöldum fyrir börn

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á æfingagjöldum í handbolta og fimleikum. Mikill verðmunur er á milli félaga og yfirleitt dýrara á höfuðborgarsvæðinu. Félögin segja styrki misháa, aðbúnað ólíkan og áherslur ólíkar.

**TÓMSTUNDIR** Mikill verðmunur er á æfingagjöldum í handbolta annars vegar og fimleikum hins vegar. Mestur verðmunur er 148 prósent á fimleikanámskeiði fyrir 8 til 10 ára börn og 119 prósenta verðmunur á 6. flokki í handbolta.

Verðlagseftirlit ASÍ tók saman hvað kostar að æfa handbolta og fimleika hjá fjölmennustu íþróttafélögum landsins. Í fimleikum var til að mynda gjaldskrá fyrir 6 til 8 ára börn sem æfa tvær klukkustundir á viku borin saman. Tekinn var saman æfingakostnaður í fjóra mánuði eða á haustönn. Dýrast er að æfa hjá Íþróttafélaginu Gerplu eða 40.617 krónur. Ódýrast er að æfa hjá Íþróttafélaginu Hamri í Hveragerði eða 17.000 krónur. Verðmunurinn er 139 prósent. Þau fimm félög sem bjóða upp á ódýrustu æfingagjöldin eru öll sú úti á landi en fimleikafélög á höfuðborgarsvæðinu raða sér í efstu sætin.

Dýrast er að æfa handbolta hjá Gróttu og Haukum eða 45 þúsund fyrir allan veturinn fyrir börn í áttunda flokki. Ódýrustu æfingagjöldin eru hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur (ÍR) eða 24 þúsund fyrir veturinn. Það er 21 þúsund krónu verðmunur eða 88 prósent. Fyrir utan ÍR eru æfingagjöld hjá félögum úti á landi yfirleitt ódýrari en á höfuðborgarsvæðinu. Þór og KA eru næstódýrust með 27 þúsund króna æfingagjöld. erlabjorg@frettabladid.is



**FIMLEIKAR** Dýrast er fyrir 6-8 ára að æfa fimleika hjá Gerplu en ódýrast hjá Hamri í Hveragerði. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### → Sjálfboðaliðar spara við rekstur

„Félagið er vel rekið, yfirstjórnin lítil og enginn starfsmaður á launum. Enda eru sjálfboðaliðar duglegir að sinna störfunum og allir hjálpast að," segir Hjalti Helgason, formaður Íþróttafélagsins Hamar í Hveragerði sem býður upp á lægsta æfingagjaldið í fimleikum fyrir 6 til 8 ára.

„Við höfum fundið fyrir að fólk er mjög viðkvæmt fyrir hækkunum þannig að við reynum eins og við getum að halda verðinu niðri. Einnig fáum við árlegan styrk frá Hveragerðisbæ sem fer beint í rekstur deildanna. Það eru ekki mjög stór fyrirtæki sem styrkja okkur, við fáum frekar minni styrki sem safnast saman."

### → Berum okkur ekki saman við aðra

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Gerplu, segir það ekki koma sér á óvart að félagið sé með hæstu æfingagjöldin. „Þjónusta okkar er ekki samanburðarhæf við mörg önnur fimleikafélög. Við erum með lengra æfingatímabil, minni hópa, menntunarstig þjálfara er hærra og við erum með mjög dýran tækjakost.

Verðskrá Gerplu hækkaði um 30 til 40 prósent fyrir einu og hálfu ári. „En við erum ekki að bera okkur saman við aðra. Við reynum alltaf að hagræða og gera betur en verðskráin miðar bara við reksturinn okkar."

### → Lágt gjald til að halda í iðkendur

Íþróttafélagið Þór er með ódýrasta æfingagjaldið í handbolta fyrir 8. flokk ásamt KA. „Við viljum gera öllum kleift að æfa og höfum ekki hækkað gjaldið eftir efnahagshrun til að halda í iðkendur. Enda hefur iðkendum fjölgað í handboltanum," segir Linda Guðmundsdóttir, gjaldkeri handknattleiksdeildarinnar.

„Hér á Akureyri er frístundastyrkurinn aðeins tíu þúsund krónur og okkar iðkendur þurfa líka að ferðast mikið. Ferðakostnaðurinn fer þó ekki allur á heimilin því styrkur frá Samherja hjálpar okkur að mæta þeim kostnaði."

### → Dugar ekki fyrir launakostnaði

Æfingagjöldin hækkuðu um 4.500 krónur á síðasta ári en hækkunin tengist launum," segir Kristín Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Gróttu. Grótta er með dýrustu gjöldin í handbolta í 8. flokki ásamt Haukum en á Seltjarnarnesi er frístundastyrkurinn 30 þúsund á ári.

„Æfingagjöldin fara fyrst og fremst í launakostnað og dekkar hann oft á tíðum ekki. Við erum með tvo þjálfara í 8. flokki, einn aðalþjálfara og einn aðstoðarþjálfara. Svo fylgja líka stuttbuxur og bolur með æfingagjöldunum. Annars hækkuðu gjöldin um 4.500 krónur á síðasta ári og hækkunin tengist launakostnaði."

Einstakt tækifæri til að eignast Audi eðalvagn



**Audi A4** 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 57.000 km, beinsk.
Ásett verð
4.190.000,-




**Audi A4** 2.0 TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 33.500 km, sjálfsk.
Ásett verð
5.850.000,-



**Audi A4** Avant 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 36.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
4.850.000,-




**Audi A4** Avant 2.0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
5.850.000,-

Við fjármögnum bílinn fyrir þig
LYKILL
lykill.is

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Laugavegi 174
Sími 590 5040
Opið virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 12-16


NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
Nú er það staðfest!
Nóatúns hamborgarhryggurinn er bestur samkvæmt árlegri bragðkönnun DV. Þetta höfum við alltaf vitað enda er Nóatún bestir í kjöti.
Bestir í kjöti
Úr kjötborði
Besti
hamborgarhryggur 2013
Dómnefndina skipuðu Ylfa Helgadóttir, matreiðslumeistari á Kopar og meðlimur í kokkalandsliðinu, Kjartan H. Bragason, formaður Meistarafélags kjötiðnaðarmanna, Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir, heklari og matgæðingur, Elvar Ástráðsson, verkamaður og matgæðingur og Hákon Már Örvarsson, þjálfari íslenska kokkalandsliðsins.
EXPO • www.expo.is
Opið til miðnættis alla daga
8›24
NÓATÚN
Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

Mótmæla niðurskurði á Rás 1:

# Sýnir skilningsleysi stjórnenda

**MENNING** Sú þögn sem nú mun myndast í íslensku tónlistarlífi verður vitnisburður um skilningsleysi stjórnvalda, segir í ályktun Samtóns, samtaka tónlistarfélaga og útgefenda.

Þar er mótmælt niðurskurði á starfsemi Rásar 1 og þess krafist að Rúv verði gert kleift að sinna menningarlegri skyldu sinni gagnvart almenningi. **- eb**

Margir hafa tekið þátt í landssöfnun þar sem gömlum eða ónýtum farsímum er komið í endurvinnslu:

# Söfnuðu tvö þúsund símum á sex dögum

**UMHVERFISMÁL** Um tvö þúsund gamlir eða ónýtir farsímar söfnuðust á fyrstu fimm dögum landssöfnunarinnar Græn framtíð farsíma.

„Það mun ekki liggja fyrir hversu margir símar skila sér á endanum fyrr en á morgun þegar söfnuninni lýkur,“ segir Bjartmar Alexandersson, framkvæmdastjóri Grænnar framtíðar, sem stendur fyrir söfnuninni ásamt Símanum og Póstinum.

Fyrirtækin sendu söfnunarpoka inn á öll heimili landsins 6. desember síðastliðinn. „Við hvöttum fólk til að koma farsímunum til Símans eða Póstsins og á pokunum má merkja við góðgerðafélag sem fólk vill styrkja og allur ágóði rennur óskiptur til þess félags sem fólk kýs,“ segir Bjartmar og bætir því við að símarnir séu endurnýttir með þrenns konar hætti.

„Ef það er hægt að gera við tækin er það gert og þau seld, meðal annars til Afríku. Tæki sem eru illa skemmd fara til samstarfsaðila okkar í Evrópu sem rífa þau niður í parta og að lokum fara sum tæki í endurvinnslu. Það er hundrað prósent nýting á öllu og ekkert fer í ruslið.“ **- hg**



**POKINN** Fyrirtækin sendu nú í fyrsta skipti söfnunarpoka á öll heimili.

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

TIL LEIGU
Skútuvogur 5, 104 Reykjavík
Þjónustu- og skrifstofuhúsnæði
Stærð 1245 fm.
Laust strax
Allar nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Jóhannsson
Rekstrarfræðingur
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali
534 1023 / 824 6703
olafur@jofur.is







Jarðhæð: 8 lokaðar skrifstofur, opið vinnurými, fundarherbergi, móttökurými og kaffikrókur. Efri hæð: tvö opin vinnurými, 6 skrifstofur, fundarherbergi, eldhúskrókur og skjalageymsla. Neðri hæðir: Vinnusalur, eldhús með vönduðum innréttingum. Þar er einnig starfsmannaaðstaða og geymslur. Útgangur er út á verönd úr eldhúsi. Parket og flísar á gólfum, kerfisloft og lagnastokkar með veggjum.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102885

GEFÐU GEIT



GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is
Hjálparstarf kirkjunnar

## STYRKJA STÖÐUNA Á NORÐURSKAUTINU





# Kanada ætlar að gera kröfu í norðurpól

Kanadamenn ætla að gera kröfu til norðurpólsins. Vilja tryggja rétt til auðlinda sem er að finna á svæðinu. Rússar bregðast við með því að efla herstyrk sinn í Norður-Íshafi. Jólasveinninn blandast í deiluna.

**NORÐURSKAUTIÐ** Sergei Sjoígó, varnarmálaráðherra Rússlands, skýrði í síðustu viku frá því að rússneski herinn myndi auka styrk sinn á Norður-Íshafi strax á næsta ári til að verja hagsmuni Rússlands á þessu svæði.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði sömuleiðis að Rússland þyrftu nú að hafa alla anga úti við að verja öryggi sitt og þjóðarhagsmuni á norðurskautssvæðinu.

Kanadamenn höfðu áður skýrt frá því, að þeir hygðust gera kröfu til norðurpólsins sjálfs. Þeir hafi þegar beðið vísindamenn sína um að athuga hvort ekki sé rétt að leggja fram formlegt tilkall á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til landgrunnshryggs, sem teygir sig frá Kanada út fyrir norðurpólinn sjálfan.

„Við erum staðráðin í að tryggja að allir Kanadabúar njóti góðs af þeim gríðarlegu auðlindum sem er að finna nyrst í Kanada,“ sagði John Baird, utanríkisráðherra Kanada, af því tilefni á mánudaginn í síðustu viku. Hins vegar þurfi að leggja mikla vinnu í að tryggja Kanada rétt til norðurpólsins, því fyrst þurfi vísindamenn að kortleggja landgrunnið á Lomonosovhryggnum, sem bæði Kanadamenn, Rússar og Danir gera tilkall til.

Eitthvað hefur jólasveinninn komið við sögu í tengslum við þessar umræður í Kanada. Þannig hafði breska dagblaðið The Telegraph eftir Paul Calandra, þingritara Stephens Harper, forsætisráðherra Kanada, að allt yrði gert til að tryggja öryggi bæði norðurpólsins og jólasveinsins. Með þessu var hann reyndar að skjóta á stjórnarandstöðuna, sem hann sagði „halda“ að hvorki norðurpóllinn né jólasveinninn séu í Kanada.

Stjórnarandstöðuleiðtoginn Justin Trudeau tók hins vegar undir með Calandra: „Allir vita að jólasveinninn er kanadískur,“ sagði hann.

gudsteinn@frettabladid.is


JÓLA
TILBOÐ
REKKJUNNAR!
VAXTALAUS
JÓLATILBOÐ
OG FYRSTA
GREIÐSLAN
Í MARS 2014
JÓLATILBOÐ
STOCKHOLM
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 163.600 kr.
NÚ 81.800 kr.
= 50% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
OLIVIA
King size (193x203 cm)
Fullt verð 258.600 kr.
129.300 kr.
= 50% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
FARYN
Queen Size (153x200 cm)
Verð frá 282.083 kr.
FRÁ 197.458 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SÆNGURFÖTUM
TIL JÓLA!
JÓLATILBOÐ
20% AFSLÁTTUR
AF SVEFNSÓFUM
TIL JÓLA!
JÓLATILBOÐ
DÚN- OG
FIÐURKODDI
153x203 cm)
Fullt verð 8.930 kr.
6.251 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
DÚNKODDI
(50x70 cm)
Fullt verð 19.870 kr.
13.909 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
Dún- og
fiðursæng
(140x200 cm)
Fullt verð 14.260 kr.
9.982 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
Dúnsæng
(140x200 cm)
Fullt verð 33.840 kr.
23.688 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# Aðstandendur bera of mikla ábyrgð

Verklag við nauðungarvistanir á Landspítalanum þvingar aðstandendur geðsjúks fólk til að skrifa undir beiðni um nauðungarvistun, sem skilur margar fjölskyldur eftir í sárum. Á Akureyri er annað verklag og sér félagsþjónustan um umsóknirnar.

Eva Bjarnadóttir
eva@frettabladid.is





**FJÖLSKYLDUR** Nauðungarvistanir geðsjúkra hafa mikil áhrif á aðstandendur þeirra.

Ábyrgðin sem fellur á hendur aðstandendum þegar nauðungarvista á geðsjúkt fólk er gagnrýnd af fagfólki og aðstandendum sjálfum. Vandinn felst í því að þegar sækja á um nauðungarvistun til innanríkisráðuneytisins þarf undirskrift ættingja, lögráðamanns eða sveitarfélags. Í flestum tilfellum á Landspítalanum skrifa ættingjar undir beiðnina og veldur það oft sárindum og illdeilum innan fjölskyldna. „Við vitum að þetta er vandamál og það gerist of oft að aðstandendur eru beðnir um að skrifa undir. Það er samt orðið betra samstarf núna við velferðarsvið borgarinnar og við stefnum að breytingu,“ segir Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir bráða- og mótttökusviðs geðdeildar Landspítalans.

### Sömu reglur – annað verklag

Á Akureyri hefur verið unnið með öðrum hætti undanfarin fimmtán ár, þar sem aðstandendur koma aldrei að nauðungarvistunum nema þeir óski sérstaklega eftir því. Á heimasíðu spítalans segir að yfirlýst stefna deildarinnar sé að vera í nánu samstarfi við heilsugæsluna og aðra velferðarþjónustu sem sinnir málefnum geðsjúkra.

„Það eru alveg sömu reglur hér og í Reykjavík en það er kannski útfærslan sem er ólík,“ segir Guðrún Geirsdóttir, yfirlæknir bráðaþjónustu geðlækninga á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Á Akureyri var gert samkomulag við félagsþjónustu bæjarins um að hún hefði umsjón með umsóknum um nauðungarvistanir í stað aðstandenda. „Þar kemur smæðin inn,“ segir Guðrún en á Akureyri eru um fimm til tólf einstaklingar nauðungarvistaðir ár hvert.

### Samstarf við félagsþjónustu

„Ef okkur sýnist heppilegt að sveitarfélagið létti þessu af fjölskyldunni er engin tregða hjá félagsþjónustunni hér norðan- og austanlands,” staðfestir Sigmundur Sigfússon, forstöðulæknir geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri. Hann segir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu síður hafa viljað að taka að sér þetta hlutverk. “Ég veit ekki af hverju. Þetta er svo viðkvæmt að svipta einhvern í fjölskyldunni frelsi, að það kemur sér vel ef sveitarfélögin vilja taka það að sér,” segir hann.

### Sækja fyrst um leyfi

Það hefur einnig áhrif á verklagið á Akureyri að reynt er komast hjá því að nauðungarvista fólk án leyfis frá innanríkisráðuneytinu. Meiri tími er því tekinn í undirbúning mála. Samkvæmt lögunum má vista fólk í allt að 48 klukkustundir, sem krefst hvorki samþykkis aðstandenda, sveitarfélaga né ráðuneytis. „Við viljum að málið sé rannsakað svo vel að pappírarnir frá innanríkisráðuneytinu um tuttugu og eins dags nauðungarvistun séu tilbúnir þegar leggja á sjúklinginn inn,“ segir Sigmundur, en ítrekar að ef hætta sé á ferð sé fólk lagt inn strax og umsóknin afgreidd eftir á. Hann segir málin oftast eiga sér nægan aðdraganda og því auðsótt að ganga frá öllum lausum endum áður en kemur að innlögn. „Smæðin, fámennið og persónuleg tengsl hér fyrir norðan hafa því mikil áhrif á verklagið,“ segir Sigmundur, en bendir jafnframt á að hlutfall nauðungarvistana, miðað við allar innlagnir, sé samt sem áður svipað milli landshluta.

### Aðstandendur vita best

„Rökin um að ættingjar taki þátt í að nauðungarvista fólkið sitt eru að þeir standa þeim næst og vita best hvað þarf, en það eru mýmörg dæmi um að það skapi vandamál,“ segir Sigurður Páll Sigurðsson, yfirlæknir öryggis- og réttargeðþjónustu Landspítalans. Brynjólfur Ingvarsson, geðlæknir á Sjúkrahúsinu á Akureyri og forsvarsmaður Geðverndarfélags Akureyrar, tekur í sama streng. „Þar sem ég þekki til á Norðurlöndum eru það gjarnan aðstandendur sem skrifa undir til að gæta mannréttinda þeirra sem skal nauðungarvista.“

### Gengur ekki fyrir Reykjavík

Tómas Zoëga, yfirlæknir á geðsviði Landspítalans, segir erfitt að sjá að fækkun 48 klukkustunda nauðungavistana gæti gengið upp í Reykjavík. „Yfirsýnin er meiri í minni sveitarfélögum. Hér getur fólk komið inn fárveikt og án þess að hafa fengið þjónustu áður. Þá höfum við 48 klukkustundir til að meta stöðuna, sem er helmingi lengri tími heldur en lögreglan fær þegar hún handtekur fólk,“ segir hann. „Í minni sveitarfélögum hefur einhver yfirsýn yfir feril fólksins, en hér getum við ekki beðið,“ bendir Tómas á, en hann segir erfitt að meta fárveikt fólk utan stofnana.

### Persónulegra kerfi

Þegar Sigmundur er spurður að því hvers vegna verklagið hafi þróast með svo ólíkum hætti milli landshluta virðist skýringin liggja í ólíkri menntun yfirmanna, „Verklagið hefur mikið farið eftir yfirmönnunum og það hefur áhrif hvar þeir eru menntaðir og hverju þeir eiga að venjast. Ég þekkti til dæmis lögræðislögin mjög vel og var álitsgjafi við gerð þeirra á sínum tíma,“ segir Sigmundur sem hóf störf við Sjúkrahúsið á Akureyri árið 1985. Hann segir engar reglugerðir vera til um verklag nauðungarvistana eða aðbúnað á deildum sem taka við sjúklingunum, sem útskýri einnig ólík vinnubrögð og áhrif yfirmanna.

### Smæðin hjálpar

„Á Íslandi reynum við frekar að telja fólk á að leggjast inn og tökum okkur meiri tíma, og hér fyrir norðan er þetta býsna persónulegt, en kerfið er auðvitað stærra í Reykjavík,“ segir Sigmundur, en smæð samfélaga og almenn viðhorf til nauðungarvistana á Íslandi virðast einnig hafa jákvæð áhrif. „Hér á Íslandi lítum við á nauðungarvistanir sem mannréttindamál og þess vegna setjum við þær undir hatt lögræðislaganna en ekki í sérlög um geðsjúka. Það er nokkuð sérstakt í samanburði við löggjöf í nágrannalöndunum,“ útskýrir Sigmundur. Hann telur að þessi tilhögun hafi meðal annars átt þátt í að Ísland er með lægsta hlutfall nauðungarvistana á Norðurlöndunum.



**BEIÐNI UM NAUÐUNGARVISTUN**

## → Reynsla aðstandenda

„Lítið eða ekkert sjúkdómsinnsæi er algengt einkenni alvarlegra geðsjúkdóma og þess vegna getur reynst vandkvæðum bundið að telja viðkomandi fjölskyldumeðlim á að leita sér læknishjálpar. Oft er ástandið orðið svo alvarlegt að því má líkja við neyðarástand sem endar með því að aðstandendur neyðast til að fara fram á sjálfræðissviptingu. Í fyrstu er því hlutverk aðstandenda að leysa bráðavanda.“

„Gagnrýni Guðrúnar á sjálfræðissviptingu beinist í fyrsta lagi að þeirri litlu opinberu aðstoð sem fólki er veitt í slíkum aðstæðum og í öðru lagi að því hvernig sviptingin er framkvæmd. Hún tekur sem dæmi að aðstæður séu oft þess eðlis að eðlilegra og mannúðlegra væri að senda sjúkrabíl á staðinn frekar en lögreglubíl. Með öðrum orðum að gera valdbeitinguna síður sýnilega.“

*Brot úr meistararitgerð Knúts Birgissonar um alvarlega geðsjúkdóma í fjölskyldum – nöfnum viðmælenda var breytt.*

## Hefur áhrif á samskipti innan fjölskyldna



**KNÚTUR BIRGISSON**

„Það átta sig ekki allir á afleiðingunum af nauðungarvistun, en hún setur mark sitt á framtíðina. Sjúklingurinn á oft erfitt með að sætta sig við það að hafa verið nauðungarvistaður og það ríkir oft vantraust. Samskiptin innan fjölskyldunnar eru slök til framtíðar, því nauðungarvistun brýtur sjálfsmynd fólk í klessu,“ segir Knútur Birgisson, MA í fötlunarfræði, en í rannsókn hans á alvarlegum geðsjúkdómum í fjölskyldum kom í ljós að leiðin inn á sjúkrahúsið með náinn ættingja reyndist fjölskyldunum torveld.

Í rannsókn Knúts kemur fram að þegar upp komi geðræn veikindi grípi um sig mikil skelfing innan fjölskyldna. „Það lýsir sér í því að fólk leitar ekki oft til heilsugæslunnar, heldur fer beint á geðdeildina í staðinn.“ Hann segir fjölskyldurnar hafa upplifað viðtökurnar á spítalanum sem mjög kerfisbundnar og of bundnar við lyfjameðferð, „Og ef lyfin virka, þá er útskrifað,“ segir Knútur. „Það vantar fleiri leiðir, til dæmis fjölskyldumeðferð. Þetta er fjölskyldusjúkdómur en ekki einstaklingssjúkdómur,“ vill Knútur meina.

## Brotið á aðstandendum og sjúklingum



**AUÐUR AXELSDÓTTIR**

Auður Axelsdóttir, forstöðukona Geðheilsu – eftirfylgdar, geðheilbrigðisþjónustu á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að þegar kemur að því að taka ákvörðun um nauðungarvistun sé aðstandendum gjarnan sagt að þeir þurfi að skrifa undir því það sé fljótlegast. „Fólki er ekki sagt frá því að velferðarsvið eða sveitarfélag geti séð um eða óskað eftir nauðungarvistun. Þar er í raun brotið á aðstandendum og sjúklingum,“ segir Auður, sem segir að þeir sem vinni áfram með fjölskyldunum sjái hvað gerist eftir á þegar verða særindi og samskiptin erfið.

„Staðan sem kemur upp þegar nauðungarvista á fólk er erfið fyrir aðstandendur og þeir þurfa á stuðningi að halda til að taka þessa ákvörðun. Það ríkir yfirleitt mikill ótti við veikindin og við sjálfsvígshættuna. Þetta er í raun ákvörðun sem er ómögulegt fyrir fólk að taka,“ segir Auður, en í starfi sínu aðstoðar hún fjölmargar fjölskyldur í þessum aðstæðum.

Auður segist hafa lært að mikilvægt sé að hlúa að aðstandendum eftir að nauðungarvistunin er úr garði gengin og í sumum tilfellum sé prestur kallaður til. „Það er líka mjög mikilvægt að tala við börn ef þau eru á staðnum og fylgja þeim eftir í einhvern tíma, því áfallið getur verið mikið,“ útskýrir hún, en Geðheilsa – eftirfylgd hefur litið til finnskrar aðferðar, opins samtals, þar sem rík áhersla hefur verið lögð á samstarf fagfólks, sjúklings og aðstandenda þegar upp koma bráð veikindi.


RAMMAGERÐIN
Iceland Gift Store
Íslenskt handverk
síðan 1940
Hafnarstræti 19
Reykjavík
Hafnarstræti 94
Akureyri
Miðvangur 13
Egilsstöðum
Flugstöðin
Keflavík

# Fríverslunarsamningur er nauðsyn

Ísland hefur forskot á aðrar þjóðir norðurslóða þar sem frá Íslandi eru boðnir reglulegir flutningar til allra þeirra landa sem tilheyra þeim hópi. Útflutningur héðan til Grænlands hefur fimmfaldast á tíu árum. Stór hluti íslenskra útflutningsfyrirtækja horfir til Grænlands.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Íslendingar starfrækja víðfeðmara flutninganet á norðurslóðum en nokkur önnur þjóð. Starfsemi íslenskra fyrirtækja á Grænlandi spannar mjög vítt svið og vísbendingar eru um að íslensk útflutningsfyrirtæki stefni á aukin Grænlandsviðskipti.

**Dekkum norðurslóðir allar**

Þetta er meðal niðurstaðna greiningar Íslenska sjávarklasans (ÍS) á íslenskum umsvifum í Grænlandi og framtíðarmöguleikum.

Haukur Már Gestsson, hagfræðingur hjá ÍS, segir að ekki aðeins sé flutninganet Íslands á norðurslóðum lengra komið en annarra þjóða. „Raunar er Ísland eina landið í heiminum sem býður upp á reglubundna flutninga til allra landa sem teljast til norðurslóða. Svo umfangsmikið flutninganet er langt frá því sjálfgefið í litlu landi eins og okkar. Það má fullyrða að hægt sé að byggja á því, og þarf að hafa hugfast þegar rætt er um að nýta ný tækifæri á norðurslóðum.“

Hér vísar Haukur til þess að Icelandair starfrækir reglubundið flug til Anchorage í Alaska, Kanada, Rússlands, Noregs, Finnlands og Svíþjóðar og Flugfélag Íslands og Norlandair starfrækja flug til ýmissa staða á Grænlandi. Þá siglir Eimskip til Norður-Noregs, Svíþjóðar, Múrmansk í Rússlandi, Nuuk í Grænlandi og Kanada, og Samskip til Svíþjóðar.

Haukur Már segir að þrátt fyrir að nokkuð sé þangað til tækifæri tengd skipaflutningum á norðurslóðum opnist fyrir alvöru verði að hafa hugfast að umsvif á Grænlandi muni aukast mikið á allra næstu árum. Yfir 30 umfangsmikil verkefni eru í deiglunni í olíuvinnslu, námugreftri og byggingu ál- og raforkuvera. Heildarverðmæti fjárfestinga eru nú um 900 milljarðar íslenskra króna [40 milljarðar danskra króna]. Á sama tíma skorti innviði til að sinna uppbyggingunni – innviði sem Ísland þegar hefur að stærstum hluta. „Hér eru íslausar hafnir allt árið, góðir flugvellir og öflug flutningafyrirtæki svo dæmi séu tekin,“ segir Haukur Már.



**Raunar er Ísland eina landið í heiminum sem býður upp á reglubundna flutninga til allra landa sem teljast til norðurslóða.**

*Haukur Már Gestsson hagfræðingur hjá ÍS*

**Mikil umsvif**

Kortlagning Sjávarklasans á atvinnuumsvifum Íslendinga á Grænlandi sýnir að fjölmörg íslensk fyrirtæki eru umfangsmikil á Grænlandi. Lengi hefur verið samstarf milli þjóðanna um uppbyggingu landbúnaðar á Grænlandi. Íslendingar áttu stóran þátt í uppbyggingu flugvalla á 20. öld og uppbyggingu fiskvinnslu þar í landi á 9. áratugnum. Íslensk fyrirtæki sinna flugi og siglingum til og frá Grænlandi og margar íslenskar útgerðir eiga hlut í grænlenskum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum. Þá sinna mörg íslensk fyrirtæki grænlenskri smábátaútgerð. Íslensk verkfræði- og iðnaðarfyrirtæki sinna stórum verkefnum og á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri eru starfrækt sérstök teymi sem sinna heilbrigðisþjónustu við Grænlendinga.

Í skýrslu Sjávarklasans kemur einnig fram að síðastliðinn áratug hafa vöruflutningar milli Íslands og Grænlands aukist umtalsvert. Verðmæti vöruútflutnings var í kringum 400 milljónir króna upp úr aldamótum en var komið í 2,6 milljarða árið 2012. Mestan hluta aukningarinnar má rekja til aukinna viðskipta með iðnaðarvörur eins og olíu, málma og iðnaðarsalt. Útflutningur á sjávarafurðum og búnaði fyrir sjávarútveg hefur hins vegar að mestu staðið í stað.

**Augu manna á Grænlandi**

Innan Sjávarklasans starfar flutninga- og hafnahópur átján fyrirtækja á sviði flutninga, samgangna, hafnastarfsemi. Stefna hópsins skilgreinir aukið samstarf fyrirtækjanna við Grænlendinga meðal forgangsverkefna. Hópurinn hefur í því augnamiði hafið samstarf við danska olíu- og gasklasann Offshoreenergy um að auka tengsl danskra, grænlenskra og íslenskra fyrirtækja varðandi leit og vinnslu á olíu og gasi á Grænlandi.

Haukur Már telur að framtíðartækifæri íslensks atvinnulífs séu mikil á Grænlandi. Kannski sé jafnvel um einn stærsta vaxtarbroddinn af þeim öllum að ræða. „Allar vísbendingar eru um að innan stórs hluta útflutningsfyrirtækja landsins er stefnan sett á aukin Grænlandsviðskipti. Í ljósi þess hlýtur gerð fríverslunarsamnings að vera forgangsverkefni,“ segir Haukur Már.



**Í HÖFN** Danska fyrirtækið Royal Arctic Line annast nær alla flutninga til Grænlands. Myndin er tekin við höfnina í Tasiilaq við austurströnd Grænlands. Skipið Irena Arctica affermir vörur, þar á meðal jólatré. MYND/CARL SKOU–KUUMMIUT.COM

## FLUTNINGSLEIÐIR ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA Á NORÐURSLÓÐUM




### ➜ Fríverslunarsamningur forgangsverkefni

Í skýrslu Sjávarklasans er það metið sem forgangsatriði að fríverslunarsamningur verði gerður við Grænlendinga og stjórnvöld hvött til þess að beita sér fyrir slíkri samningsgerð. Nokkrir samningar eru í gildi á milli landanna sem ætlað er að draga úr viðskiptahömlum. Grænlendingar hafa hins vegar takmörkuð tækifæri til að gera þjóðréttarsamninga og heilt yfir er aðkoma danskra stjórnvalda að slíkri samningsgerð skilyrði. Litið er til Hoyvíkursamningsins milli Íslands, Danmerkur og Færeyja sem er víðtækasti fríverslunarsamningur sem Ísland hefur gert. Grænlendingar hafa fylgst með framkvæmd hans frá fyrsta degi og það metið svo af Sjávarklasanum að upplagt sé að ganga til samninga við Grænlendinga á þeim grunni.

### ➜ Einokun Dana skekkir samkeppnisstöðu

Þó að viðskipti Íslands og Grænlands spanni nú breitt svið eru þau miklu umfangsminni en þau væru ef hagkvæmni réði ferð. Vegna mikilla ítaka Dana á Grænlandi er það því miður sjaldnast raunin. Til marks um það nægir að nefna að skipafélagið Royal Arctic Line hefur einkaleyfi á skipaferðum til, frá og innan Grænlands til ársins 2022. Í Álaborg í Danmörku er starfrækt vöruflutningamiðstöð fyrir Grænland og þangað fara næstum allar vörur áður en þær eru sendar til Grænlands. Yfir 85% af öllum innfluttum vörum til Grænlands koma frá Danmörku.



LÚXUSNET TALS

# Gleðilegt Netflix og farsælt komandi Hulu.

**Enginn hugbúnaður.
Engar stillingar.
Ekkert vesen.
Bara lúxus.**

Lúxusnetið er fyrir okkur hin sem viljum hafa hlutina auðvelda. Það þarf engan hugbúnað eða stillingar til að njóta þess. Það þarf einungis að virkja það á vefnum.
**www.luxusnet.tal.is**

## Jólatilboð fyrir viðskiptavini Tals.*




### iPad mini 16GB Wi-Fi

**44.900 kr.**

Fullt verð 54.900 kr.

### AppleTV

**17.175 kr.**

Fullt verð 22.900 kr.

**Við bjóðum upp á allt að 18 mánaða greiðsludreifingu.**

Notkun á erlendum efnisveitum og heimasíðum er ávallt á ábyrgð viðskiptavinar.
*Á meðan birgðir endast.

# SKOÐUN



Jólaskapið virðist ekki vera mætt í sali Alþingis.

# Þegar Trölli yfirtók Alþingi

Nokkrum dögum fyrir kosningar í vor stillti myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson sér upp við styttuna af Jóni Sigurðssyni á Austurvelli og flutti þar tónlistargjörning við annan mann. Boðskapurinn var sáraeinfaldur, í raun bara ein setning endurtekin hvað eftir annað. Þetta var krúttlegur og skemmtilegur gjörningur og vakti sennilega ekki marga til umhugsunar um það hvernig atkvæði þeirra í alþingiskosningunum yrði best varið. Sé innihaldið hins vegar skoðað í ljósi atburða þeirra mánaða sem síðan hafa liðið er hætt við að kaldur hrollur hríslist um fólk. Setningin sem Ragnar söng hljómaði nefnilega á þessa leið: „Ekki kjósa Framsókn eða Sjálfstæðisflokkinn, því ef þú gerir það þá fer allt til helvítis.“



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Listamenn hafa löngum verið taldir hafa gáfu sjáandans og hæfni til að greina samfélagið skarplegar en aðrir og í þessu tilfelli virðist sú kenning á rökum reist. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur ekki staðið steinn yfir steini og svo sem að bera í bakkafullan lækinn að tíunda þau „afrek“ öll. Það er grátlegt að fylgjast með tilraunum hennar til að finna peninga til að stoppa í fjárlagagatið sem hún sjálf bjó til með því að lækka veiðigjald og afnema auðlegðarskatt. Væri þetta raunveruleikaþáttur í sjónvarpi gengi þrautin út á það að finna peninga alls staðar annars staðar en þar sem þeir eru til, einkum og sérílagi hjá sjúklingum, fátæklingum, atvinnulausum, öryrkjum, gamalmennum, börnum í Afríku, námsmönnum og menningariðkendum. Þar ætlar ríkisstjórnin að herða sultarólina svo um munar, hún var greinilega alltof slök fyrir að hennar mati. Þríhrossin hafa alltaf haft lag á því að láta aumingjana blæða og ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks er skilgetið afkvæmi þeirra.

Lítilmótlegust af öllum þessum aðgerðum er þó sennilega sú ákvörðun að atvinnulausir fái ekki jólauppbót eins og allir aðrir landsmenn. Það er eins og ríkisstjórnin álíti að fólk velji sér sjálfviljugt það hlutskipti að missa atvinnuna og geti því bara sjálfu sér um kennt. Vigdís Hauksdóttir hefur meira að segja lýst yfir því markmiði að venja fólk af þeim ósóma að þiggja bætur, slíkt sé vinstrisinnaður aumingjaskapur sem ekki eigi að líðast. Velferðarþjóðfélag virðist vera hugtak sem ekki er finnanlegt í orðabók stjórnarliða. Bæði Þríhross og Skröggur hefðu orðið stoltir af þessum afkvæmum sínum væru þeir ekki skáldskapur.

„…þá fer allt til helvítis“ söng myndlistarmaðurinn í vor. Korter í jól virðist sá spádómur kominn fram, það tók ekki langan tíma. Hvernig þetta forríka samfélag ætlar að finna anda jólanna með því að svipta þá sem minnst mega sín þeim litla glaðningi sem hægt er að veita sér fyrir þær rúmu 50.000 krónur sem jólauppbótin er mega guðirnir vita. Kannski það eigi að efna til landssöfnunar fyrir henni eins og tækjunum á Landspítalann. Láta þá ríku deila út ölmusunni til aumingja fátæka fólksins til að sýna gæsku sína og yfirburði eins og tíðkaðist á tímum Dickens. Það væri nú aldeilis jólastemning í því.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Hrífandi saga




Meistaraverk eftir Ana Maria Matute í frábærri þýðingu Kristins R. Ólafssonar.

Tvímálabók - hver opna er bæði á íslensku og spænsku.

Almenna bókafélagið

bokafelagid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Tekið til við tvistið**
IPA-málið tók enn eitt tvistið í gær. Þá lýsti Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, því yfir að íslensk stjórnvöld væru að skoða hvort hægt væri að skikka ESB til að greiða það IPA-styrkfé sem ESB hætti nýlega við að verja til verkefna hér á landi á næsta ári. Það á sumsé að gera lögfræðilega úttekt á því hvort styrktarsamningarnir séu ekki bindandi og er það auðvitað sjálfsagt að skera úr um slíkt.

**Glerperlur fyrir alla**
Þetta varpar hins vegar ljósi á hversu fullkomlega afkáraleg staðan er. Stjórnvöld eru mótfallin aðild Íslands að ESB og hafa gert allt til að binda enda á viðræðurnar nema að draga aðildarumsóknina til baka. Engu að síður bregst utanríkisráðherra ókvæða við þegar styrkir, sem hann hefur gagnrýnt öðrum fremur síðustu misseri og ætlaðir eru verðandi aðildarríkjum, eru settir á ís og nú á að athuga hvort ekki sé hægt að sækja styrkina þrátt fyrir allt og allt. Eldvatnið og glerperlurnar skulu þannig sótt með góðu eða illu.



**Sáttin og þjóðin**
„Segja má að forgangsröðun sú sem birtist í nefndaráliti meirihlutans sé þjóðarsátt um fjárlög ársins 2014.“ Þetta sagði Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, og lauk þeirri setningu með því að kasta hnútum að fyrri ríkisstjórn. Hugtakinu þjóðarsátt hefur oft verið flíkað síðustu ár, en það hefur því miður ansi holan hljóm í ljósi þess að þras virðist inngróið í þjóðarsálina. Það er engin furða að þegar minnst er á „þjóðarsáttina“ viti allir eldri en tvævetur hvað er átt við. Draumur um þjóðarsátt um fjárlög er sennilega sá langsóttasti, því að í fjárlögum birtast áherslur og heimsmynd meirihluta (t.d. um skattlagningu og félagsmál), sem eru nær óumflýjanlega á skjön við minnihlutann. Þannig væri kannski best að halda ekki niðri í sér andanum.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Týnda kostnaðaráætlunin og Orkustofnun

ORKUMÁL



**Sif Konráðsdóttir**
lögfræðingur

Á miðvikudag birtist grein eftir mig í blaðinu þar sem ég sagði frá falleinkunn sem Orkustofnun fékk í skýrslu norskrar systurstofnunar hennar frá 2011 og leyfisveitingu fyrir Suðvesturlínu frá síðustu viku.

Í skýrslu norsku systurstofnunarinnar er líka fjallað um úrskurðarnefnd sem komið var á fót til að endurskoða stjórnsýsluákvarðanir Orkustofnunar. Sú nefnd naut ekki trausts hagsmunaaðila skv. skýrslunni.

Því miður virðist úrskurðarnefndin ekki vera betur í stakk búin til að valda eftirlitinu en Orkustofnun sjálf. Þannig var í síðasta úrskurði hennar, uppkveðnum í september sl., fallist á þá ákvörðun Orkustofnunar að trúnaður skyldi gilda um kostnaðaráætlun er Landsnet kvaðst hafa gert um jarðstreng frá Blöndu til Akureyrar.

Þessi höfnun Orkustofnunar var gerð án þess að athuga kostnaðaráætlunina. Alvarlegra er þó að Orkustofnun hafði hafnað aðgangi að kostnaðaráætluninni án þess að staðreyna að hún væri yfir höfuð til. Í ljós kom nefnilega að kostnaðaráætlunin var ekki til; hún var sögð týnd.

**➜ Ljóst væri því að stofnunin hefði ekki rannsakað málið eins og skylt er í stjórnsýslunni. Þrátt fyrir þetta ógilti ekki úrskurðarnefndin málsmeðferðina, heldur staðfesti hún að trúnaður skyldi gilda um kostnaðaráætlun – sem er ekki til.**

Úrskurðarnefnd raforkumála sagði réttilega að Orkustofnun hefði ekki athugað hvert væri efni skjalsins sem stofnunin taldi að gæta ætti trúnaðar um.

Úrskurðarnefndin sagði jafnframt að hefði Orkustofnun gert það hefði hún komist að því að skjalið væri ekki til. Ljóst væri því að stofnunin hefði ekki rannsakað málið eins og skylt er í stjórnsýslunni. Þrátt fyrir þetta ógilti ekki úrskurðarnefndin málsmeðferðina, heldur staðfesti hún að trúnaður skyldi gilda um kostnaðaráætlun – sem er ekki til.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Rangsannindi

Í DAG
**Guðmundur Andri Thorsson**
rithöfundur



Vigdís Hauksdóttir notaði orðið „rangsannindi“ í umræðum á Alþingi um daginn. Væntanlega hefur slegið saman hjá henni saman orðunum „ósannindi“ og „rangfærslur“ og hún mismælt sig svona skemmtilega, eins og vill henda hjá fólki í líflegum tjáskiptum. Þetta er vissulega argasta þversögn – hvernig geta sannindi verið röng? En samt sem áður – eða kannski einmitt þess vegna – finnst manni þetta skringilega orð einmitt tjá vel ástandið um þessar mundir.

**Rangsannindi I**

Mjólkursamsalan notar írskt smjör í alíslenska framleiðslu sína. Höfuðforsenda þess að okkur neytendum er gert að kaupa íslenskar mjólkurvörur er raunar sú meinta hætta sem sögð er stafa af innfluttum landbúnaðarafurðum. Okkur er talin trú um að í húfi sé heill og hamingja íslensku kýrinnar og allir hennar margbrotnu magar – og gott ef við fáum ekki öll hreinlega gin- og klaufaveiki ef við leggjum okkur útlenskan mat til munns. Spornað er við þessari vá með ofurtollum, væntanlega samkvæmt þeirri frumlegu hugmynd að sýkingarhættan fari minnkandi með hækkandi verði. Sýkingarhættan virðist einnig bundin við vörumerkið. Hún hverfur ef varningurinn er merktur MS eða íslensku kjúklingabúi, en eins og kunnugt er hafa útlenskir kjúklingar verið hér á boðstólum sem íslenskir væru. „Bara ef lúsin íslensk er / er þér bitið sómi“, orti Hannes Hafstein. Rangsannindi kynni annar að segja: sú staðreynd að sjúkdómavarnir eru nauðsynlegar er notuð til að draga taum innlendra matvælaframleiðenda sem ekki hafa síður orðið uppvísir að því að bjóða upp á sýkta vöru og fara illa með sitt búfé. Talsmaður íslensks landbúnaðar, Guðni Ágústsson, svaraði fyrir þessi mál í fréttum ríkisútvarpsins og var að vanda ljóðrænn og skemmtilegur: „Við elskum íslenska smjörið, það er gult…“ sagði hann og þar með var málið útrætt. Sjálfur verð ég að gera þá játningu að ég elska íslenskt smjör ekki baun – hata það ekki heldur – á ekki í neins konar tilfinningalegu sambandi við það en vildi gjarnan fá að kaupa svolítið ódýrari mat en gefst hér í landi einokunarrisanna sem mata mig daglega á rangsannindum.

**Rangsannindi 2**

IPA-málið hans Gunnars Braga er af svipuðum toga. Þar er allt svo öfugsnúið að það hvarflar að manni að lesa skammstöfunina afturábak. Þetta eru styrkir Evrópusambandsins til ríkja sem eru í aðildarviðræðum við sambandið, til að hjálpa ríkjunum við að innleiða kostnaðarsamar umbætur á þjóðþrifasviðum á borð við matvælaeftirlit, náttúrufarsrannsóknir, menntamál og fleira, þar sem ESB heldur uppi merkinu og er til marks um margvíslegan ávinning sem myndi verða af aðild.

Þeir sem andvígir eru fullri aðild að ESB, en vilja hornrekur vera, í svokölluðu EES-samstarfi, hafa nú fengið því framgengt, að aðildarviðræðum sem stóðu í tíð síðustu ríkisstjórnar hefur verið hætt. Samninganefndin íslenska hefur verið leyst upp, og þeim samningamönnum evrópskum sem haft hafa fyrir því að setja sig inn í íslensk sérmál gert ljóst að Íslendingar líti til annarra átta. Sjálfur notaði Gunnar Bragi margsinnis þau orð um IPA-styrkina, að þeir væri glerperlur og eldvatn, og sótti þá líkingu til Ögmundar Jónassonar, þar sem hann reis lægst í sínum málflutningi; með öðrum orðum, einskis nýtt glingur til þess að slá ryki í augun á ölóðum náttúrubörnum. Þegar ný ríkisstjórn Íslands hefur margítrekað að þessum aðildarviðræðum sé hætt og að ekki sé ætlunin að standa við kosningaloforð um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðnanna, eru eðlileg viðbrögð hjá ESB að draga til baka þessa IPA-styrki svo að hægt sé að nota féð þar sem þess er þörf, í samræmi við góða stjórnsýslu. Þá bregður svo við að glerperlurnar og eldvatnið er orðið að brýnum nauðsynjum og Gunnar Bragi lætur eins og hafið sé nýtt Icesave-mál þar sem Íslendingar séu enn sviknir, forsmáðir og sniðgengnir af óvinaríkjum. Hann heldur því fram að þó að aðildarviðræðum hafi verið hætt og samninganefndin leyst upp þá séu Íslendingar enn í formlegu umsóknarferli og þeim beri því að fá péééninginn.

Rangsannindi.

**Rangsannindi 3**

Fjárlaganefnd barst á dögunum minnisblað frá Fjármála- og efnahagsráðuneyti. Þar segir í byrjun að fjármála- og efnahagsráðherra fari þess á leit „fyrir hönd ríkisstjórnarinnar“ að við 2. umræðu fjárlaga verði gerðar tilteknar breytingar á fjárlagafrumvarpinu. Þar segir í lið 09: „Hámarksbarnabætur lækki um 3% vegna forgangsröðunar fjármuna til heilbrigðismála“ og í næsta lið fyrir neðan eru sambærileg tilmæli frá ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um 7% lækkun vaxtabóta. Í kjölfarið talaði téð Vigdís Hauksdóttir í fjölmiðlum um yfirvofandi lækkun barnabóta, sagði að vinstri menn vildu gera fólk háð bótum og vitnaði í Margréti Thatcher um að sósíalismi væri að eyða peningum annarra. Þessi áform vöktu mikinn úlfaþyt, svo sem vænta má.

> Af bréfi fjármálaráðuneytisins má hins vegar ráða að ríkisstjórnin hugðist lækka barnabætur og Sigmundur Davíð sagði ósatt þegar hann neitaði því í svari sínu.

En þegar Helgi Hjörvar spurði Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra út í þetta brást hann ókvæða við – sagði þetta tilhæfulausar getgátur og ekki stæði til að lækka barnabæturnar. Af bréfi fjármálaráðuneytisins má hins vegar ráða að ríkisstjórnin hugðist lækka barnabætur og Sigmundur Davíð sagði ósatt þegar hann neitaði því í svari sínu til Alþingis að það hefði staðið til.

Eða fór að minnsta kosti með rangsannindi.

# Rás 1

RÍKISÚTVARPIÐ



**Páll Magnússon**
útvarpsstjóri

> ➜ **Rás 1 heldur áfram að vera Íslendingum að inntaki allt það sem hún hefur verið þeim í 83 ár. Hún verður hins vegar að laga sig að minni fjárráðum, búa sér ódýrari umgjörð og spjara sig með færra starfsfólki en áður.**

Þeir sem staðið hafa á Stórhöfða í Vestmannaeyjum í tólf gömlum vindstigum að suðaustan vita að það þýðir ekki að tala við fólk beint upp í þannig bálviðri. Orðin feykjast bara aftur fyrir mann. Núna vona ég að það sé lag til að segja þó ekki væri nema þetta: Það er ekki verið að leggja niður Rás 1. Það er ekki verið að rífa hana á hol. Það er ekki verið að slökkva á menningarvitanum. Það er heldur ekki verið að breyta meginstofni Rásar 1; inntaki hennar né eðli. Dagskrárstefna hennar, hlutverk, upplegg og innihald verður áfram hið sama. Áfram verða flutt útvarpsleikrit. Áfram verða lesnar útvarpssögur. Áfram verða flutt ljóð. Áfram verður útvarpað frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Áfram verður fjallað um menningar- og samfélagsmál í vönduðum þáttum. Áfram verður flutt tónlist af öllum stærðum og gerðum frá öllum heimshornum. Áfram verða tíndar upp úr gullkistu Rásar 1 gersemar frá liðnum tíma til að tengja saman nútíð og fortíð.

Áfram verða líka fluttar dánarfregnir og upplýsingar um jarðarfarir. Og tilkynningar um félagsvist á Hólmavík og Raufarhöfn. Og jólakveðjur.

Í stuttu máli: Rás 1 heldur áfram að vera Íslendingum að inntaki allt það sem hún hefur verið þeim í 83 ár. Hún verður hins vegar að laga sig að minni fjárráðum, búa sér ódýrari umgjörð og spjara sig með færra starfsfólki en áður. Eins og allir aðrir þættir í starfsemi Ríkisútvarpsins.

# Evrópusamband um sæstreng

ORKUMÁL



**Páll J. Pálsson**
alþingismaður

Að tengjast Evrópu með 1.200 km rafstreng, sem yrði vafalaust lengsti rafstrengur í heiminum, er svolítið séríslenskt. Íslendingum leiðist ekki að framkvæma eitthvað á heimsmælikvarða, og við eigum auðvelt með að sannfæra hvert annað um að við séum fremst og best í heiminum.

Bitur reynsla okkar síðastliðin ár hefur kennt okkur að stíga varlega til jarðar þegar sérfræðingar koma fram á sjónarsviðið með Excel-skjölin og reyna að sannfæra okkur um auðfenginn gróða. Áætlaður stofnkostnaður við lagningu sæstrengs er þrjú til fimm hundruð milljarðar. Raforkusala upp á eitt þúsund MW hljómar ekki flókið reikningsdæmi, og ætti að vera auðvelt að slá tölurnar inn í Excel. Hættan er hins vegar sú að auðvelt er að slá inn tölur í reikningsformúlu sem gefa ákjósanlega niðurstöðu!

Til að átta sig á umfanginu á þúsund MW, þá má geta þess að uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar er 690 MW, og samanlagt uppsett afl allra raforkuvera á Íslandi er 2.700 MW. Það er því augljóst mál að slík tenging við raforkumarkað Evrópu mun auka verulega þrýsting á fleiri virkjanir hér á landi. Við þurfum því að gera það upp við okkur hvort við ætlum að fara út í stórfelldar virkjunarframkvæmdir til að byggja upp iðnað í Evrópu með tilheyrandi línulögnum um sveitir landsins. Allt tal um sæstreng upp á 500 milljarða til þess eins að flytja út afgangsorku í kerfinu upp á 150 MW er því blekking ein.

**Forgangsmál**

Í nýlegri skýrslu sem iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi segir orðrétt:

„Augljóst má telja að raforkuverð til heimila og smærri fyrirtækja mun hækka og þar af leiðandi muni draga úr afkomumöguleikum sprotafyrirtækja og annarra fyrirtækja, svo sem örfyrirtækja í smærri byggðum.“

Frá sjónarhóli græna hagkerfisins virðist einnig liggja beinna við að sú orka, sem annars væri seld úr landi, væri þess í stað nýtt til að gera Ísland óháðara innflutningi eldsneytis. Þar með væri hugmyndin komin í andstöðu við áherslur græns hagkerfis um uppbyggingu grænna starfa innanlands, auk þess sem nýting raforku til fjölbættrar framleiðslu innanlands hefur fljótt á litið burði til að skapa meiri arð fyrir þjóðarbúið en útflutningur sömu orku til nýtingar erlendis.

> ➜ **Bitur reynsla okkar síðastliðin ár hefur kennt okkur að stíga varlega til jarðar**

Eftir lestur skýrslunnar tel ég það forgangsmál að verja strax fjármunum í að klára að rafvæða Ísland, leggja þriggja fasa rafmagn í dreifbýli landsins, og gera bændum og smærri fyrirtækjum kost á því að tæknivæða sinn eigin atvinnurekstur, sem mun auka nýtingu á öðrum auðlindum landsins.

Mikil vakning hefur orðið í fullvinnslu á sjávarafla og rafvæðingu í loðnubræðslum landsins sem eru að skipta úr olíu yfir í rafmagn. Það skýtur því skökku við ef við ætlum að rjúka í að flytja út rafmagn, í stað þess að nýta það til verðmætasköpunar hér heima.

Sum sveitarfélög hafa sett það í sína auðlindastefnu að nýta skuli ákveðið hlutfall af nýtanlegri orku í viðkomandi sveitarfélögum til uppbyggingar í heimabyggð. Við alþingismenn ættum að taka þau til fyrirmyndar og hugsa þannig á landsvísu.

Borgar Apótek
– Þín vegna
... opnar í Borgartúni og býður lausasölulyf á góðum kjörum!




399 kr.

Borgar Apótek | Borgartúni 28, 105 Reykjavík | sími 553-8331






# Af jólasveinum (svarbréf)



SAMFÉLAGSMÁL
Bryndís Jónsdóttir
þriggja barna móðir og framkvæmdastjóri SAMFOK

**➜ Þetta eru ekki nornaveiðar eða árás á þá sem hafa efni á að gefa dýrar gjafir heldur ósk til jólasveinsins um að þau börn sem trúa á hann í einlægni, og það gera þau mörg, þurfi ekki að upplifa að einnig á þessum vettvangi þurfi þau að upplifa mismunun.**

Kæri Pawel

Goðsagnavera eða ekki, jólasveinarnir þrettán eru hluti af menningu okkar Íslendinga og það að fá í skóinn hefur verið fastur punktur í uppvexti okkar flestra. Fyrir því má alveg bera virðingu og það er ekki þitt að tilkynna börnum þessa lands að jólasveinninn sé ekki raunverulegur í dagblaði sem fer inn á öll heimili.

Af einhverjum ástæðum hafa þó sumir jólasveinar lent á villigötum þegar kemur að því að færa börnum gjafir í skóinn. Ástæðurnar geta verið margar. Kannski eru einhverjir með samviskubit vegna skorts á samverustundum með börnum sínum vegna vinnu eða annarra aðstæðna. Kannski hafa þeir sem eru ríkari en aðrir ekki áttað sig á að þetta er ekki besti vettvangurinn til að gefa dýrar gjafir.

Tilmæli um að jólasveinninn stilli skógjöfum í hóf eru ekki sett fram vegna þess að enginn má vera betri en annar eða fá meira en annar. Sá veruleiki blasir við börnum alla daga í daglegu lífi. Þetta eru heldur ekki nornaveiðar eða árás á þá sem hafa efni á að gefa dýrar gjafir heldur ósk til jólasveinsins um að þau börn sem trúa á hann í einlægni, og það gera þau mörg, þurfi ekki að upplifa að einnig á þessum vettvangi þurfi þau að upplifa mismunun. Einungis er verið að benda jólasveininum á að nota ekki skógjafir til að gera upp á milli barna. Dýrari gjafir má gefa við önnur tækifæri.

Sjö ára sonur minn trúir á jólasveininn. Hann vaknar fyrir allar aldir uppfullur af spenningi og kíkir í skóinn. Litir, smádót, mandarínur, sælgæti, allt er þetta jafn vel þegið. Þessi tími er þrunginn eftirvæntingu og gleði og lítill kútur fer snemma í háttinn, í sínu rúmi, og vaknar snemma afþví að þetta er allt svo spennandi. Það er ekki þitt eða mitt að taka það af honum. Litlir drengir eða stúlkur sem leika saman glöð að degi og haga sér jafn vel eiga ekki að þurfa að draga gjörðir jólasveinsins í efa að morgni. Þess vegna biðjum við jólasveininn að stilla verðmæti skógjafa í hóf.

Með góðri jólakveðju.






# Úrelt stofnanaskipulag einkennir íslenska háskóla



MENNTUN
Signý Óskarsdóttir
framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu við Háskólann á Bifröst

**➜ Það þarf að auka flæði milli fræðasviða og opna háskólasamfélagið á þann hátt að hugmyndir úr grasrót og samfélagi eigi greiða leið inn í skólana.**

Vandinn í íslensku háskólasamfélagi er ekki fjöldi starfsstöðva á háskólastigi, vandamálið er skortur á rými fyrir virka og skapandi hugsun innan háskólastofnana og lítil samvinna milli þeirra og jafnvel á milli deilda innan sömu stofnunar. Það er úrelt stofnanaskipulag sem einkennir íslenska háskóla. Skipulagið viðheldur deildarmúrum sem veita skjól þar sem hægt er að ala á sérhagsmunum sem hefta samskipti við þá sem standa utan þeirra. Múrarnir virðast vera á milli háskólastofnana ekki síður en innan þeirra.

Stjórnvöld hafa nú þegar skipt íslenska háskólasamfélaginu í tvennt með því að stofna net opinberra háskóla og sett fjármagn í sjóð þeim til handa. Í þennan sjóð má sækja styrki til þess að þróa kennslu og efla gæðamál innan opinberu skólanna. Sjálfstæðu skólarnir geta aðeins sótt um í samstarfi við opinbera skóla. Hvatinn til samstarfs við skóla utan opinbera netsins er því enginn því skilaboð stjórnvalda eru að opinberir skólar skuli þróa samstarf sín á milli.

Allir íslenskir háskólar þurfa að fylgja sömu lögum og reglum um gæðaeftirlit. Allir háskólarnir þurfa að skilgreina námsbrautir sínar út frá sömu viðmiðum sem gefin eru út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Margir háskólakennarar kenna í fleiri en einum háskóla, innan opinbera netsins og í sjálfstæðu skólunum.

**Háðir samfélaginu**

Háskólarnir eru háðir samfélaginu og stefnu yfirvalda á sama tíma og yfirvöld og samfélagið leggja miklar skyldur á háskólana til þess að efla samfélagið. En niðurskurður á fjárframlögum til háskóla heggur einmitt í und háskólasamfélagsins að því leyti að með niðurskurðinum er verið að draga úr getu þess til að starfa af fullum krafti að uppbyggingu samfélagsins, hvort sem það er í gegnum rannsóknir, kennslu eða samstarfsverkefni.

Íslenska háskólasamfélagið er mjög ungt á alþjóðlegan mælikvarða og er í þeim sporum að þurfa að fóta sig og vera samkeppnishæft á alþjóðlegum vettvangi. Íslenska háskólasamfélagið samanstendur af sjö háskólum en auk þeirra má finna háskólasetur og háskólafélög ásamt rannsóknasetrum víða um land. Samstarfsnet símenntunarmiðstöðva og tengsl þeirra við háskólana og rannsóknasetur liggja víða.

Íslenska háskólasamfélagið getur verið samkeppnishæft og gildur þátttakandi á alþjóðlegum vettvangi með því að tefla fram sterkum háskólum í sameiginlegu þekkingarneti sem er knúið áfram af virkri og skapandi hugsun og teygir sig milli fræðasviða og stofnana. Þekkingarnet sem nýtir rannsóknir í landinu og þann mannauð sem háskólar búa yfir í dag til þess að móta háskólanám og námsaðstöðu á heimsmælikvarða. En til þess þarf að móta raunverulega stefnu íslenska háskólasamfélaginu til handa og stjórnvöld verða að skuldbinda sig til þátttöku í þeirri nýju framtíðarsýn. Engar haldbærar upplýsingar virðast vera til sem benda til að sameining stofnana eða samvinna milli þeirra til að spara rekstrarkostnað muni skila sér í meiri gæðum náms og rannsókna, samt er það mantran sem kyrjuð er í öllum hornum.

Það þarf að auka flæði milli fræðasviða og opna háskólasamfélagið á þann hátt að hugmyndir úr grasrót og samfélagi eigi greiða leið inn í skólana. Þannig væri hægt að gera íslenska háskóla að virkum og skapandi þekkingarsamfélögum sem starfa í þekkingarneti sem þjónar þörfum samfélags og einstaklinga til framtíðar.

Framsýni og kjarkur ætti að einkenna komandi tíma í menntamálum landsins og þar geta virkir og vel tengdir háskólar stuðlað að sköpun og miðlun þekkingar og hæfni sem nýtist við framtíðaráskoranir. Metnaðarleysi stjórnvalda og kerfislægar hindranir eiga því ekki að stjórna því hvernig framtíð íslenska háskólasamfélagsins mótast.










**Saga um nótt**
Falleg saga um Sögu litlu sem vill ekki fara að sofa. Listilegar myndir eftir Lóu Hjálmtýsdóttur.
**Vildartilboð** kr. 2.804
**Fullt verð kr. 3.299**

**Jólaandinn**
Fallegt jólaævintýri um Ara litla og Bjössa bangsa eftir Guðjón Davíð Karlsson.
**Vildartilboð** kr. 3.229
**Fullt verð kr. 3.799**

**Afbrigði**
Fyrsta bókin í æsispennandi þríleik, kvikmynd á leiðinni 2014.
**Vildartilboð** kr. 4.249
**Fullt verð kr. 4.999**










**Heiða - Myndasaga**
Sagan sívinsæla um Heiðu í nýrri endursögn með frábærum myndum.
**Vildartilboð** kr. 3.399
**Fullt verð kr. 3.999**

**Tímakistan**
Margslungið ævintýri sem teygir anga sína frá fjarlægustu fortíð til ókominna tíma.
**Vildartilboð** kr. 3.739
**Fullt verð kr. 4.399**

**Strákar**
Hér er að finna upplýsingar um allt það helsta sem strákar eru að kljást við í sínu daglega lífi.
**Vildartilboð** kr. 4.949
**Fullt verð kr. 5.499**










**Vísindabók Villa**
Frábær bók til að efla áhuga allrar fjölskyldunnar á því sem er í kringum okkur.
**Vildartilboð** kr. 3.999
**Fullt verð kr. 4.999**

**Strokubörnin á Skuggaskeri**
Glæný saga eftir Sigrúnu Eldjárn ætluð lesendum frá níu ára aldri. Spennandi, skemmtileg og ríkulega myndskreytt.
**Vildartilboð** kr. 3.654
**Fullt verð kr. 4.299**

**Freyju saga - Múrinn**
Ævintýralegur spennutryllir sem gerist í harðneskjulegri veröld þar sem hinir vægðarlausustu lifa af.
**Vildartilboð** kr. 3.654
**Fullt verð kr. 4.299**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn
Eymundsson
Stofnað frá 1872

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 16. desember til og með 17.desember eða á meðan birgðir endast.

## MERKISATBURÐIR



**OLIVER CROMWELL** varð einvaldur yfir enska samveldinu þennan dag 1653.

**1653** Oliver Cromwell varð einvaldur yfir enska samveldinu.

**1809** Napóleon Bonaparte skildi við eiginkonu sína, Jósefínu.

**1853** Alls brunnu 530 byggingar í stórbruna í New York.

**1905** Fyrsta eintak af tímaritinu Variety kom út.

**1912** Fyrsta frímerkið með mynd af flugvél á var gefið út í Bandaríkjunum.

**1916** Munkurinn Gregory Raspútín var myrtur.

**1972** Miami Dolphins varð fyrsta liðið í NFL-deildinni til þess að fara taplaust í gegnum heilt tímabil.

**1980** Harland Sanders, stofnandi KFC-veitingakeðjunnar, dó níræður að aldri.

**2009** Stjörnufræðingar fundu plánetuna GJ1214b sem er fyrsta plánetan sem fundist hefur þar sem vatn gæti fundist.

**MIÐHERJINN** WILT CHAMBERLAIN SETTI MET Í STIGASKORUN SEM STENDUR ENN:

# Skoraði yfir 50 stig í sjö leikjum í röð

Þennan dag árið 1961 hófst sjö leikja hrina þar sem Wilt Chamberlain körfuknattleiksmaður skoraði 50 stig eða meira í einum leik í NBA-deildinni. Þetta er met sem stendur enn. Hann var þá leikmaður Philadelphia Warriors, en liðið er nú komið til San Fransisco og liðið í Fíladelfíuborg heitir nú 76ers. Tímabilið frá 1961 til 1962 var ótrúlegt fyrir Chamberlain. Hann skoraði 50,4 stig að meðaltali í leik. Það er met í sögu NBA, sá sem næst því hefur komist er Elgin Baylor, sem skoraði 38,3 stig, sem var sama tímabil. Chamberlain er eini leikmaðurinn í sögu NBA sem skorað hefur yfir 100 stig í einum leik. Hann gerði garðinn frægan með Los Angeles Lakers þar sem hann lék frá 1968 til 1973. Hann hóf atvinnumannaferil sinn með Harlem Globetrotters en lék með liði Kansasháskóla í háskóladeild bandaríska körfuboltans.



**ÓSTÖÐVANDI** Wilt Chamberlain var illviðráðanlegur í NBA-deildinni á sínum tíma.



**SVART OG GYLLT** Guðbjörg notar mikið svartan lit og gullhúðin er ekki langt undan, enda hrafninn glysgjarn.



**ILMVATN** Guðbjörg kynnir líka til leiks ilmvatn sem fylgir línunni.

# Hrafninn lokar þríleiknum

**Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir skartgripahönnuður kynnir nýja línu. Hugmyndirnar fæðast gjarnan í Ísafjarðardjúpi. Glysgjarnir hrafnar eru innblástur Guðbjargar að þessu sinni.**

„Þetta er þriðja og síðasta línan þar sem ég sæki innblástur til fugla. Ég loka hringnum með hrafninum," segir Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir skartgripahönnuður, sem kynnti fyrir helgi þriðju og síðustu skartgripalínuna þar sem fuglar eru innblástur.

Að þessu sinni er hrafninn innblástur Guðbjargar, en áður hafa fálkinn og svanurinn veitt henni andagift. Hún segir hrafninn vera spennandi umfjöllunarefni í skartgripahönnun.

„Hrafninn er mjög glysgjarn. Yfirleitt finnst ýmislegt glingur í hreiðri hrafnsins. Þessi lína er öðruvísi en hinar tvær, ég nota mikið svarta litinn í bland við gullið – mikið af steinum."

Guðbjörg er Ísfirðingur og eyðir miklum tíma nálægt heimaslóðunum og fær hún margar hugmyndir þar. „Við eigum bústað við Ísafjarðardjúp. Hugmyndir mínar kvikna oft þegar ég er í náttúrunni. Mér finnst mjög gott að vera fyrir vestan."

Sem ung stúlka á Ísafirði hafði Guðbjörg ekki hugmynd um að hún myndi leggja skartgripahönnun fyrir sig. „Ég fór í skiptinám til Bandaríkjanna þegar ég var átján ára gömul. Ég hafði ekki ferðast mikið þá, en inni í mér blundaði ævintýraþrá og því fór ég út." Þar kynntist Guðbjörg framtíðarstarfinu í bandarískum framhaldsskóla. Hún kom heim staðráðin í því að leggja fyrir sig skartgripahönnun.

„Ég flutti til Danmerkur og lærði gullsmíði og skartgripahönnun. Þegar ég kom heim opnaði ég svo verslunina Aurum. Það var árið 1999 og er ég því búin að vera í þessum rekstri í bráðum 15 ár. Við byrjuðum smátt en árið 2003 fengum við tækifæri að stækka við okkur. Við fluttum í Bankastrætið og erum þar enn. Við vorum svo heppin árið 2009 að geta stækkað búðina enn frekar þegar önnur búð lokaði og bættum þá við hönnunarbúð," segir Guðbjörg.

kjartanatli@frettabladid.is



**BANDARÍKIN SKIPTU MÁLI** Guðbjörg kynntist ævistarfinu fyrst í Bandaríkjunum sem skiptinemi.

**ILMKERTI** Guðbjörg fékk franska fyrirtækið Paris Popup til þess að framleiða ilmkerti.




Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**STEINÞÓRA ÞÓRISDÓTTIR**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 8. desember.Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 17. desember kl. 15.00.

**Halldóra Halldórsdóttir Adler** **Jeremy Adler**
**Anna Birna Halldórsdóttir**



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐLAUG LILLÝ ÁGÚSTSDÓTTIR**
**lyfjafræðingur úr Hafnafirði,**

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri mánudaginn 2. desember.Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, miðvikudaginn 18. desember kl 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Gunnar Einarsson** **Guðrún S. Kristjánsdóttir**
**Hjörleifur Einarsson** **Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Þóra Einarsdóttir** **Rúnar Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



Elsku eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**KARÍTAS KRISTJÁNSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**

### Skötu og Jólahlaðborð

*23. desember 5.500 kr.*

### Nýárskvöld í Perlunni

*1. janúar - opnum kl. 19*

### Allt í Steik

*og 4ja rétta matseðill hefst 2 janúar*



Mekka verður með vínsmökkun á eðalvínum fyrir mat, á hlaðborðum Perlunnar.

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

PERLAN

## BÍLAR & FARARTÆKI

bílaland

**Bílaland, B & L**
**Breiðhöfða og Klétthálsi 11, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.bilaland.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



OPEL Astra enjoy . Árgerð 2008, ekinn 123 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.990321.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

GE BÍLAR



**TILBOÐ 2.690.000-**
NISSAN X-trail diesel. Árgerð 2008, ekinn 128 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000- TILBOÐ 2.690.000. ath skipti góður bíll Rnr.760207.

**GE Bílar**
**Bolafæti 1, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 0400**
**www.gebilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Ceed h/b lx 1.6 disel beinsk.. Árgerð 2012, ekinn 40 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.550.000. Rnr.160745. 5.5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



CHEVROLET Cruze. Árgerð 2013, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.210264.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bifreidar.is
577 4777



**STAÐGREIÐSLUTILBOÐ 990ÞÚS !**
Toyota landcruiser ,38 vel breyttur, aukatankur og fl. árg 1997 disel, bsk 5 gíra, 8 manna. Flott eintak TILBOÐSVERÐ 990þús stgr. Raðnúmer 121570 Uppl. í s. 577 4777 eða 895 4444 skipti ath

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

100 bílar.is bílasala



DODGE Durango 4X4 SLT. Árg2007, ek 115-158 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Leður, dráttarbeisli omfl, Flottir bílar, Ásett verð frá 2250-2490þkr, Rnr.150831. Erum með nokkra Durango á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Honda Jazz 2008. 68þ.km. Bensín. Beinsk. Webasto miðstöð! 1.690þús.,s:897-4515

## 0-250 þús.

**ÓDÝRT!**
Peagot 206, árg ,99 til sölu. ný tímareim og geymir, nýsmurður, sko ,14. Verð 200 þús. Ökufær en þarfnast lítilháttar lagfæringar. S. 693 5175

## 250-499 þús.



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 450 ÞÚS STAÐGREITT.**
Ford focus árg ,01 ekinn aðeins 145þús km. beinskiptur. skoðaður út 2014. nýleg vetrardekk. 5 dyra. eyðsla aðeins ca 6L/100km. fallegur og góður bíll. Tilboðsverð aðeins 450þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í S:659-9696

## 500-999 þús.



**VIRKILEGA SPARNEYTINN 5DYRA BÍLL**
Peugeot 206 árg ,04 ekinn 157þús. beinsk. sk. 14. nýleg vetrardekk. 5 dyra. samlæsingar. eyðsla ca 5.5L/100km. mjög heill og góður bíll. ásett verð 750þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. Möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 790ÞÚS!**
Opel Vectra 1.8 árg ,03 ek. aðeins 145þús km. sko ,14. BS. ný tímareim. ný vetrardekk. álfelgur. filmur. eyðsla aðeins 7L/100km. Fallegur bíll og góður í akstri. ásett verð 1.1mill. Tilboðsverð aðeins 790þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696



**VIRKILEGA EYÐSLUGRANNU**
VW Golf 1.6 Highline station. árg ,02 ekinn 172þús. skoðaður ,14. beinskiptur. Topplúga. samlæsingar. nýleg tímareim. góð vetrardekk. ný yfirfarinn og smurður á verkstæði. Tilboðsverð aðeins 450þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar




## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir



Plexiform og bólstrun Dugguvogi 11 Viðgerðir og bólstrun með leðri, taui eða leðurlíki á bílsæti og húsgögnum. S. 5553344, opið kl. 9-16.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 663 5315.**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.

Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav.

S. 896-5778.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristallkúla með leiðsögn að handan
562 8211
VISA EURO

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



SKODA Fabia Combi Comfort. Nýskr. 02/06, ekinn 98 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 790.000** **Tilboðsverð 590.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.151808.



TOYOTA Auris SOL. Nýskr. 07/12, ekinn 22 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.190.000** **Tilboðsverð 2.690.000.** Rnr.309999.



RENAULT Megane Scenic. Nýskr. 09/04, ekinn 137 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 890.000** **Tilboðsverð 650.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.141810.



OPEL Astra Enjoy. Nýskr. 07/05, ekinn 102 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.090.000** **Tilboðsverð 790.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.270338.



NISSAN X-Trail Elegance. Nýskr. 10/06, ekinn 196 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.590.000** **Tilboðsverð 1.190.000.** Rnr.141736.



HYUNDAI Santa Fe 4x4. Nýskr. 06/06, ekinn 174 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 1.740.000** **Tilboðsverð 1.290.000.** Rnr.120182.



CHEVROLET Tahoe LS 4X4. Árgerð 2003, ekinn 147 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.990.000** **Tilboðsverð 1.490.000.** Rnr.141625.

Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is


VILD
100
HEPPNIR VILDARÁSKRIFENDUR FÁ JÓLAKÖRFU (GJAFAKORT) FRÁ BÓNUS AÐ VERÐMÆTI 30.000 KR.
Skráðu þig á stod2.is/vild
Við drögum út síðustu 50 körfurnar í Íslandi í dag þann 20. desember
Vinsælar jólavörur í Bónus
Kjarnafæði kofar. úrb. hangilæri
Ali hamborgarhryggur m/beini
Appelsínkippa 4x2 lítrar
Kókkippa 6x1,5 lítrar
Egils malt í dós 6x500 ml
Egils jólaöl í dós 6x500 ml
Mackintosh 2 kg
Nóa konfekt 1 kg
Toblerone 300 g
Kjörís jólaís 2 lítrar
Kjörís ísterta 12 manna
Ömmu steikt laufabrauð
Robin klementínur 2,3 kg
Appolo lakkrískonfekt 700g
Ora grænar heildós
Ora maís heildós
Ora rauðkál krukka
Papco jóla wc pappír
Papco jóla eldhúsrúllur
BÓNUS
Konfekt
Jólaís
GLEÐILEG JÓL
Robin
Ali
PELSIN
APPOLO
TOBLERONE
TOBLERONE
Konfekt
ísterta 12 manna

# ÞAÐ ÆTTI ENGINN AÐ ÞURFA AÐ FARA Í JÓLAKÖTTINN



## 33% AFSLÁTTUR*

AF ÖLLUM BARNAFATNAÐI
16–18. DESEMBER



*BARNAFATNAÐUR Á ÍSLANDI GÆTI LÆKKAÐ MIKIÐ Í VERÐI EF ÁLÖGUR HÉR VÆRU SAMBÆRILEGAR OG VÍÐA ERLENDIS. ERU ÞINGMENN BÚNIR AÐ GLEYMA LOFORÐUNUM?

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**2 | KL. 19:20 EITTHVAÐ ANNAÐ**

Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, sem þorir að stíga út úr þægindaramma launþegans.

# Fjölbreytt mánudagskvöld

**2 | KL. 19:50**

**MOM**

Frábær gamanþáttaröð úr smiðju Chucks Lorre sem er maðurinn á bak við t.d. Two and a Half Men.



**2 | KL. 20:15**

**MAKING OF GALAPAGOS**

Skemmtilegur þáttur þar sem fylgst er með gerð þáttanna Galapagos með David Attenborough.



**2 | KL. 21:10**

**HOSTAGES**

Hryðjuverkamenn setja fjölskyldu Ellen Sanders í hættu og skipa henni að myrða forseta Bandaríkjanna.



**Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30**

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**3 | KL. 19:45**

**DADS**

Bráðskemmtilegir þættir með Seth Green og Giovanni Ribisi í aðalhlutverkum.



**3 | KL. 20:05**

**Í ELDHÚSINU HENNAR EVU**

Matgæðingurinn Eva Laufey deilir uppskriftum og aðferðum til að galdra fram dýrindis mat í eldhúsinu.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | | | | |
| 7 | | | | 1 | 5 | 2 | 4 | |
| 5 | | 1 | | 3 | | | | 9 |
| | | | 8 | 9 | | 5 | | 6 |
| | | 2 | 4 | | | 7 | | 3 |
| 3 | | | | | 2 | | 1 | 4 |
| 6 | 3 | | | | | | | 5 |
| 9 | 7 | 8 | | | | | | |
| 1 | | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 5 | 7 | | 6 | | | 1 |
| | 4 | | 1 | | 3 | | | 5 |
| | 6 | | | 4 | | 7 | | |
| 4 | 3 | 1 | | | | | | |
| 2 | | | | 5 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | | | | 6 | | |
| | | | | | | | | 6 |
| | 9 | | 8 | 1 | | 5 | 7 | |
| | 1 | | | | 4 | | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 7 | | 1 | | 8 | |
| | | 2 | 8 | | | | | 5 |
| 1 | | | | 5 | | | | 4 |
| 5 | | | | | | | 3 | |
| | | | | | 2 | | | 9 |
| | 9 | 3 | | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | | 3 | 2 | 9 | |
| 9 | | | | 4 | | | 6 | |
| | | 7 | | | | 3 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 6 |
| 2 | 1 | 3 | 7 | 6 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 5 | 6 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 6 | 9 | 5 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 | 4 |
| 8 | 7 | 1 | 3 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 | 8 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 4 | 8 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 |
| 2 | 3 | 7 | 8 | 5 | 4 | 6 | 9 | 1 |
| 6 | 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 2 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 9 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 3 | 9 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 6 | 1 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 1 | 3 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 7 | 2 | 1 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Helgi Ólafsson (2546) hafði hvítt gegn Andra Áss Grétarssyni (2325) í þriðju umferð Friðriksmóts Landsbankans.**

**Hvítur á leik**



**19. Rb5!** Svartur gafst upp enda svarta staðan óteflanleg. Helgi sigraði á mótinu, hlaut 9 vinninga í 11 skákum, og varð þar með Íslandsmeistari í hraðskák. Ingvar Þór Jóhannesson og Hjörvar Steinn Grétarsson urðu í 2.-3. sæti með 8½ vinning.

**www.skak.is.** Jólamót KR hefst kl. 19:30.

## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Engar miklar hugmyndir hafa fæðst á ráðstefnum en margar heimskulegar hugmyndir hafa dáið þar."**

*F. Scott Fitzgerald*







# Gómsæt jól

Einstaklega ljúffeng samsetning,
heilt kirsuber hjúpað súkkulaði.

24 stk. í pakka
598kr. pk.



Enn meira úrval í versluninni




9 Party minipizzur
598kr pk.




32 Party blandaðar vorrúllur
898kr pk.




12 Party belgískt ís-konfekt
598kr pk.




Party eftirréttur með hindberjum
798kr pk.




60 Party blandaðir Kína-réttir
1598kr pk.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN

ICELAND
ENGIHJALLA

Iceland

# Á vit innri ævintýra

TÓNLIST ★★★★★

**Hugi Guðmundsson: Í djúpsins ró. Hamrahlíðarkórinn og Nordic Affect**
Geisladiskur
**ÚTG. SMEKKLEYSA**

Við eigum mörg ágætis tónskáld, en fá þeirra hafa hæfileika til að semja grípandi laglínur. Tónlist er auðvitað miklu meira en melódíur, hún getur þess vegna verið skipulag óhljóða, þróun og framvinda takthendinga, runa af áferð og hljómum, o.s.frv. Maður er alltaf að heyra eitthvað svoleiðis. Himneskar laglínur eru fátíðari.

Hugi Guðmundsson hefur þennan sjaldgæfa hæfileika. Það er auðheyrt á geisladiskinum Í djúpsins ró. Þar eru kórverk eftir hann sem Hamrahlíðarkórinn syngur, og einnig hljóðfæratónlist flutt af kammerhópnum Nordic Affect. Kórstykkin eru óvanalega falleg. Þau eru innblásin af gamalli tónlist. Ýmist eru þau í anda eldri sálma þótt efniviðurinn sé frumsaminn, eða þá að þau eru nútímaleg útfærsla á stefjum úr fornhandritum. Verkin eru ávallt fersk, full af tilfinningu sem er svo ótrúlega hrífandi. Samt er ekki hægt að skilgreina hana í orðum.

Inn á milli er tónlist sem Nordic Affect leikur eins og áður sagði. Þar á meðal er verk sem heitir Händelusive. Það er grundvallað á stefjum úr Vatnatónlist Händels. Samt er það miklu skyldara sveim- eða ambient-tónlist. Eins og allir vita sem hafa farið í slökunarnudd getur slík músík drepið mann úr leiðindum. Auk þess verður vöðvabólgan helmingi verri en áður. Sveimtónlist Huga er ekki af þessum toga. Það er ekkert endurtekningarsamt við hana. Hún er þrungin einhverju óræðu sem er dásamlega dáleiðandi.



NORDIC AFFECT.

Nordic Affect spilar af fagmennsku, smekkvísi, innlifun og tæknilegri fullkomnun. Sérstaklega ber að nefna gömbuleik Hönnu Loftsdóttur, sem er einkar hlýlegur og sjarmerandi. Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur syngur sömuleiðis af fallegri alúð, raddirnar eru prýðilega samstilltar og hreinar. Kápa geisladisksins, sem var hönnuð af Brynju Baldursdóttur, er auk þess listaverk. Hafið á myndinni, óljóst og órætt, grípur anda tónlistarinnar einstaklega vel.

Í djúpsins ró er frábær geisladiskur, ljós í myrkrinu fyrir alla sem vilja slaka á og halda á vit innri ævintýra.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Einstaklega vönduð útgáfa með hugvíkkandi tónlist.

# Eigulegt listaverk

BÆKUR ★★★★★

**Stína stórasæng**
Lani Yamamoto
**CRYMOGEA**

Stína stórasæng, eftir Lani Yamamoto, kom út hjá bókaforlaginu Crymogeu í haust, nánar tiltekið á fyrsta vetrardag. Hún er tilnefnd til Fjöruverðlaunanna í flokki barnabókmennta og er sú tilnefning sannarlega verðskulduð.




Bókin fjallar um kuldaskræfuna Stínu sem er líka hálfgerð uppfinningakona, í það minnsta afar uppátækjasöm. Nafngiftin er til komin af því að Stínu líður best undir stóru dúnsænginni sinni. Á veturna fer hún í hálfgerðan dvala; hún lokar sig inni í íbúðinni sinni og fer ekkert út. Hún heldur á sér hita með prjónaskap, bakstri og einn dag, þegar úti er kafaldshríð, fjúka inn til hennar tvö börn sem höfðu verið úti að leika sér í snjónum. Þau dvelja hjá henni meðan hríðinni slotar, en eftir að þau kveðja er allt breytt í augum Stínu. Hún veltir fyrir sér af hverju henni sé kalt þegar hún er inni og þeim sé hlýtt þegar þau eru úti. Að lokum tekst hún á við óttann og finnur lausn.

Sagan er frumleg og líður rólega áfram; framvindan er leikandi létt. Teikningarnar eru broslegar, virkilega fallegar og auðvelt er að týnast í þeim. Allt er úthugsað hvað útlit varðar; stærð mynda, litanotkun og samspil texta og mynda. Orðafjöldinn er í lágmarki á hverri opnu og textinn er læsilegur svo bókin hentar ágætlega fyrir börn sem vilja lesa sjálf, en ekki síður sem upplestrarbók því inn á milli eru orð sem gætu krafist útskýringa. Textinn er ljóðrænn og vel heppnaður. Það eina sem út á bókina má setja er að hugsanlega hefði mátt renna yfir textann einu sinni enn því áberandi málfarsvilla hefur fengið að fljóta með. Sumir foreldrar leggja nefnilega mikið upp úr því að börnin þeirra loki dyrunum, en ekki hurðinni. Því má þó kippa í lag í næstu prentun. Bókin er í heildina séð sannkallað listaverk; einstaklega vönduð að öllu leyti. Blaðsíðurnar eru úr gæðapappír og kápan með fallega áferð. Það er gaman að sjá glænýja íslenska barnabók í þessum gæðaflokki.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Sérstaklega vönduð barnabók sem alvörubókaunnendur ættu ekki að láta framhjá sér fara. Frumlegur söguþráður, ljóðrænn texti og fallegar myndir. Hönnunin til fyrirmyndar.

# Ljóð eiga að vera jafn sjálfsögð og kaffibolli

Valgerður Þóroddsdóttir er í forsvari fyrir ljóðaútgáfuna Meðgönguljóð en hún kynnti á dögunum fjögur ljóðskáld sem gefin verða út á næsta ári.

Útgáfufélagið Meðgönguljóð kynnti til leiks á dögunum fjögur ný ljóðskáld sem koma til með að gefa út hjá því ljóðabók á nýju ári. Fyrst í röðinni verður Björk Þorgrímsdóttir en gefin verður út ný ljóðabók eftir hana strax í janúar. Von er á næstu bókum þegar líður á árið en höfundar þeirra eru þau Lilý Erla Adamsdóttir, Elías Knörr og Bergþóra Einarsdóttir.

Valgerður Þóroddsdóttir er í forsvari fyrir útgáfunni. Hún segir margt vera á döfinni hjá forlaginu á nýju ári. „Hugmyndin með útgáfunni er að gefa öllum tækifæri til að fjárfesta í ljóðabókum, hver svo sem fjárhagurinn er. Við handsaumum bækurnar sjálf til að halda kostnaði í algjöru lágmarki. Stefnan er að fólk geti keypt sér ljóðabók á svipuðu verði og einn kaffibolla. Nafn forlagsins er að sumu leyti vísun í þetta, en sagan segir að einhvern tíma hafi einhver mismælt sig á kaffihúsi og beðið um „meðgöngubolla“ þegar hann var að þýða enska hugtakið „take-away“. Við viljum að ljóð séu jafn aðgengileg og sjálfsagt veganesti og einn kaffibolli.“



**VALGERÐUR ÞÓRODDSDÓTTIR** Meðgönguljóð er útgáfa sem sérhæfir sig í útgáfu ljóðabóka. Nýverið voru fjögur ný skáld tekin inn í raðir meðgönguljóðskálda.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útgáfan fer ört stækkandi en í ár komu út þrjár nýjar ljóðabækur og á næsta ári stefnum við að því að gefa út sex. Skáldin fjögur sem hafa nú þegar verið samþykkt eru öll byrjuð að vinna í verkunum sínum ásamt ritstjóra. Við teljum samstarf skálds og ritstjóra gríðarlega mikilvægt. Samstarfið tekur venjulega nokkra mánuði áður en verkið er fullunnið.“

Öll handrit eru tekin til skoðunar hjá Meðgönguljóðum og Valgerður hvetur áhugasöm skáld til að setja sig í samband við útgáfuna. „Það streyma til okkar handrit og við tökum glöð á móti þeim öllum. Best er ef fólk sendir okkur nokkur ljóð til að vinna með og ef þau eru samþykkt setjum við þau af stað í ritstjórnarferlið.“

Júlía Margrét Einarsdóttir



GLUGGAGÆGIR

ÍSLENSK HÖNNUN OG RITSNILLD
Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA

Gluggagægir í túlkun Sigga Eggerts og Vilborgar Dagbjartsdóttur fæst hjá okkur 5. - 19. desember.
Casa - Skeifunni og Kringlunni • Epal - Skeifunni, Hörpu og Leifsstöð • Kokka - Laugavegi • Kraum - Aðalstræti • Módern - Hlíðarsmára
Líf og list - Smáralind • Þjóðminjasafnið - Suðurgötu • Around Iceland - Laugavegi • Hafnarborg - Hafnarfirði • Blómaval - Allt land
Blóma og gjafabúðin - Sauðárkróki • Póley - Vestmannaeyjum • Valrós - Akureyri

www.jolaoroinn.is
STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

# Undantekningin í þremur löndum

Auður Ava Ólafsdóttir á fljúgandi fart erlendis.

Undantekningin eftir Auði Övu Ólafsdóttur hefur nú verið þýdd á frönsku, spænsku og ítölsku og kemur út samtímis í Frakklandi og á Spáni í apríl 2014 og á Ítalíu nokkrum vikum síðar.



Frakkar virðast ekki fá nóg af Auði Övu því Afleggjarinn hennar, í þýðingu Catherine Eyjólfsson, er á meðal sjö verka eftir jafnmarga höfunda sem nýlega komu út í Frakklandi í sérstakri seríu metsölubóka, Points d'or. Rigning í nóvember er einnig komin út í Frakklandi og hefur rokselst. Verkin sjö eiga það sameiginlegt að vera metsölubækur og hafa áður selst í yfir 300.000 eintökum í Frakklandi. Á meðal annarra höfunda í hópnum eru Arnaldur Indriðason, John Irving, Henning Mankell og Hugh Laurie.

AUÐUR AVA ÓLAFSDÓTTIR.

# Hið síðasta hefði átt að vera fyrst

TÓNLIST ★★★☆☆

**Tengsl: Kammerverk eftir Hjálmar H. Ragnarsson**
Geisladiskur
**ÚTG. SMEKKLEYSA**

Fyrsta lag eða verk á geisladiski er á vissan hátt það mikilvægasta. Það er einskonar andlit disksins og gefur forsmekk að því sem koma skal. Upplifunin af því ræður miklu um það hvort hlustandinn hafi yfirleitt áhuga á að heyra meira.

Ég er á því að geisladiskur með kammerverkum eftir Hjálmar H. Ragnarsson sé að þessu leyti illa skipulagður. Fyrsta verkið hefði átt að vera seinna á dagskránni, Adagio fyrir strengjasextett. Það er fullt af tjáningu, en fjarskalega drungalegt og stemningin eftir því fráhrindandi.

Lagaflokkurinn Tengsl við ljóð eftir Stefán Hörð Grímsson, sem er næstur, kemur ekki heldur vel út. Þar er m.a. um að kenna frammistöðu altsöngkonunnar Mörtu Hrafnsdóttur, en hún er ósköp sviplaus. Tilþrif í túlkun hefðu mátt vera mun kröftugri, söngurinn snarpari, en þó afslappaðri. Það er eins og Marta sé of mikið að vanda sig.

Textaframburðurinn er auk þess óskýr, sem skrifast mögulega á upptökuna að einhverju leyti. Svipað vandamál gerir vart við sig í söng Ólafs Kjartans Sigurðarsonar í sex lögum sem á eftir koma. Hann er venjulega með skýrmæltari söngvurum. Hins vegar er túlkun Ólafs að öðru leyti líflegri og blæbrigðaríkari. Auðvitað eru lögin sem hann flytur öðruvísi en hjá Mörtu. Það er meiri breidd í þeim, tónlistin er opnari, þótt hún sé ekki meira aðlaðandi. En Marta hefði samt getað gert betur.

Að mínu mati hefði síðasta verkið á geisladiskinum átt að vera það fyrsta, Vókalísa fyrir mezzósópran, fiðlu og píanó. Það er „erótísk sumarmúsík“ eins og henni er lýst í meðfylgjandi bæklingi. Stemningin er suðræn, full af munúðarfullum hljómum og sjarma. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir syngur vel, röddin er tær, rétta tilfinningin til staðar.

Hið akademíska Movement fyrir strengjakvartett, hið elsta á diskinum, hefði líka átt að vera framar (það er næst síðast). Tónmálið er agaðra, yfir því er ferskleiki. Hann er þægileg tilbreyting frá öllum myrku tilfinningunum sem annars gegnsýra geisladiskinn.

Fyrir utan söngvarana sem hér hafa verið nefndir leika hljóðfæraleikarar úr Kammersveit Reykjavíkur. Flutningurinn er hvarvetna til fyrirmyndar, samstilltur og hreinn. En líka dökkur og þungur, rétt eins og tormelt tónlistin sjálf.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Erfið tónlist sem hefði mátt gera meira aðlaðandi með annarri uppröðun. Söngurinn er misjafn, en hljóðfæraleikurinn góður.



**RUMON GAMBA.**

# Gleymt tónskáld grafið upp

TÓNLIST ★★★★☆

**Vincent d'Indy: Hljómsveitarverk**
Geisladiskur
**ÚTG. CHANDOS**

Schola cantorum er ekki bara nafnið á íslenskum kór, heldur líka tónlistarskóla í París. Hann var stofnaður í lok 19. aldarinnar og þangað sótti margt merkisfólk menntun, eins og Erik Satie. Vincent nokkur d'Indy var einn af stofnendum skólans. Skólinn lifir góðu lífi í dag, en sömu sögu er ekki að segja um tónsmíðar d'Indys. Stjórnandinn Rumon Gamba ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands ætlar sér greinilega að breyta því. Nýlega kom út fimmti geisladiskurinn í heildarútgáfu hljómsveitarverka d'Indys með Sinfóníunni.

Þetta framtak hefur vakið nokkra athygli í tónlistarheiminum. D'Indy var ekki endilega frumlegasta tónskáld síns tíma. En tónlist hans er engu að síður falleg, fíngerð eins og svo margt franskt. Hún er líka glæsileg, oft undir áhrifum Wagners og jafnvel Liszts. Hún á ekki skilið að gleymast.

Á fimmta geisladiskinum leikur kanadíski píanóleikarinn Louis Lortie einleik í sinfóníu op. 25 sem er eins konar píanókonsert. Það þýðir að hlutverk píanóleikarans er mikilvægt, en þó ekki eins sjálfstætt og venjulega. Í píanókonsert er einleikshljóðfærið og hljómsveitin oft eins og andstæðingar sem takast á með tilheyrandi spennu. Í þessu verki er píanóið hins vegar hluti af heildinni og Lortie spilar fallega, án þess að trana sér of mikið fram. Túlkunin er lifandi en fáguð, kraftmikil en öguð. Hún er alveg eins og hún á að vera.

Í það heila er geisladiskurinn hrífandi, tónlistin er full af töfrum, og hljómsveitin spilar af aðdáunarverðri fagmennsku og öryggi undir innblásinni stjórn Rumons Gamba.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Fallegur flutningur á verkum eftir tónskáld sem aldrei hefði átt að gleymast.

20% afsláttur
af Nicorette® QuickMist munnholsúðanum




Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhvarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.

1 stk. verð nú kr. 4.202.-
2 stk. verð nú kr. 7.530.-

Tilboðin gilda til 26. janúar 2014

Nicorette®
QuickMist

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg nikótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

2 pakkningastærðir:
1 stk. og 2 stk.

**Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn** (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. **Skammtar:** Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem aldrei hafa reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða, eru með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2013-12-Q-3

Landsbyggðin

Glerártorg Akureyri
Hrísalundur Akureyri
Dalvík

Keflavík
Selfoss
Hveragerði
Þorlákshöfn
Hella
Hvolsvöllur
Vestmannaeyjar

Höfuðborgarsvæðið

Kringlan
Austurver
JL-húsið
Domus Medica
Eiðistorg
Hamraborg
Fjörður

Lyf & heilsa
Við hlustum!

# Íslendingar eru framarlega á nammimerinni

Fréttablaðið leitaði til Íslendinga sem eru með fágaðan smekk á nammi til að deila áralangri reynslu sinni af sælgætisáti með lesendum. Lengi hefur skort upplýsta umræðu um réttar nammivenjur en nú þarf enginn að hika lengur við nammiát vegna fáfræði.



**ÁRMANN REYNISSON** Hann vill brýna fyrir lesendum að best sé að borða konfekt vel til hafður.

## Ármann Reynisson vinjettuhöfundur

### Konfekt tileinkað vinjettum

„Í tilefni af vinjettuútgáfu minni fékk ég Hafliða Ragnarsson súkkulaðimeistara til að búa til konfekt. Hann setti saman konfektmola sem voru í glæsilegum tréöskjum. Í öskjunum voru molar fyrir hverja árstíð. Ég átti hugmyndina, þannig að ég hef heldur betur komið nálægt sælgætisgerð. Ég hugsa að það hafi ekki margir lent í þessu, ef undan eru skildir sælgætisgerðarmenn. Þetta var í fyrsta sinn í mannkynssögunni sem útbúið hefur verið sérstakt konfekt tileinkað bókmenntagrein. Ég kem ekkert nálægt sælgætisgerð lengur vegna þess að ég þarf að passa upp á línurnar. Af því sem ég hef kynnst hér á landi stendur Hafliði Ragnarsson upp úr hvað varðar sælgætisframleiðslu, auk Ásgeirs í Sandholtsbakaríi. Ástæðan er sú að þeir nota náttúruleg efni, engin gerviefni eða ensími. Þeir fá þessi náttúrulegu efni alls staðar að úr heiminum, frá jafnvel möndlur sendar að utan. Það er ekki sama hvernig möndlur menn fá og hvaðan menn kaupa þær. Auðvitað er þeirra sælgæti miklu dýrara en þetta venjulega, en ég lít ekki við öðru sælgæti í dag. Ég vil taka það fram að ég hef aldrei verið lakkrísmaður eða svoleiðis. Ég geri í því að þroska smekk minn. Þegar ég er erlendis legg ég upp úr því að prófa hágæðaframleiðslu. Það er dapurlegt að horfa upp á það hér á landi að fólk lætur bjóða sér upp á hvað sem er, sem ég því miður kalla hálfgert „junk“.“

## Kristjana Björg Reynisdóttir rekstrarstjóri Harlems.

### Nammi sameinar fólk

„Það veldur togstreitu í samböndum þegar pör geta ekki samræmt nammivalið. Ég er mjög heppin að eiga kærasta sem borðar frekar svipað nammi og ég. En ég á eina vinkonu sem borðar bara íslenskt nammi. Mér finnst það mjög skrítið. Hún er mjög fín stelpa, þrátt fyrir þennan brest. Við höfum ferðast saman og lent í miklum vandræðum með að samræma nammikaup. Ólíkur nammismekkur tvístrar samt ekki góðum vinum, nammi sameinar fólk frekar. Þegar maður var lítill var maður mikið að kaupa sér vináttu með sælgæti, en það er ekki eins skilvirk aðferð á fullorðinsárum. Lögunin á namminu skiptir máli. Það er skemmtilegt að borða nammi sem er í laginu eins og spælt egg, en skrítið að borða nammi í laginu eins og typpi. Svo borða ég mikinn lakkrís. Mér finnst hann góður. Ég hef gert dauðaleit að lakkrís í útlöndum án þess að finna neitt og ég skil ekkert í því. Þetta er greinilega eitthvað mjög íslenskt. Svo hef ég verið í átaki þar sem ég mátti ekki borða nammi, í Meistaramánuðinum. Þá hef ég gert mér ferð á Nammibarinn til þess að finna lyktina af nammi. Almennt leyfi ég mér að borða nammi, en get líka alveg sleppt því og ég er í það minnsta reiðubúin að mæta afleiðingunum.“



**KRISTJANA BJÖRG REYNISDÓTTIR** Þefar af nammi.



**BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR** „Stundum er gagnlegt að sjá heiminn með nammigleraugum.“

## Bryndís Björgvinsdóttir rithöfundur

### Um „haute bonbon“ eða hánammi

„Þegar maður hefur borðað svona mikið af nammi svona lengi er erfitt að lýsa upplifun sinni í stuttu máli. Stundum hef ég talað um gott nammi sem „haute bonbon“ upp á frönsku eða „alta bellaria“ á latínu – líkt og talað er um „haute couture“ eða hátísku eða „haute cuisine“ þegar kemur að matargerðarlist. Á íslensku myndi þá gott nammi kallast hánammi.

Ég hef sérstakan áhuga á samsettu nammi; nammi sem er myndað úr tveimur eða fleiri nammihráefnum. Eftir mikla nammismökkun um allar heimsins trissur held ég því blákalt fram að þar séum við Íslendingar framarlega á nammimerinni. Kúlusúkk og Tromp vitna til um það, sem og nýjasta samsetta afsprengi sælgætisverksmiðjunnar Freyju sem er sterkar djúpur. Það er ansi langt gengið hjá Freyju að blanda saman lakkrís, súkkulaði og salmíakpipar, jafnvel svolítið úrkynjað, en hver veit nema nammið eigi eftir að ryðja brautina fyrir enn skrautlegri samsetningar.

Ég hef líka verið að kaupa ósamsett nammi en sett það saman sjálf með því að borða það saman. Sportlakkrís og kókosbollur fara vel saman. Og poppkorn sem maður fær í bíói og Nóa kropp þótt það hljómi kannski ekki vel. Súrt hlaup eða sterkur brjóstsykur og karamella eru klassík. Þegar kemur gómsætum samsetningum luma ég á ýmsum hugmyndum sem sælgætisframleiðendur gætu viljað heyra. En svo má einnig nefna það – því það gleymist oft í umræðunni um nammi – að nammi hefur marga kosti og sá veigamesti er kannski að nammi þarf ekki að elda. Það má alltaf borða „beint úr búð“.“






**AUÐUR ALFÍFA KETILSDÓTTIR** Sátt við nammilausa tilveru.

## Auður Alfífa Ketilsdóttir blaðamaður

### Var í dagneyslu sælgætis

„Ég hætti að borða nammi fyrir einu og hálfu ári en ég hef engu gleymt. Ég hætti því vegna þess að ég var búin að borða nammi fyrir lífstíð. Við getum sagt að ég hafi verið í dagneyslu sælgætis. Minn helsti veikleiki var stóri, sterki eldflaugabrjóstsykurinn. Það má ekki rugla honum saman við brjóstsykurinn sem er rifflaður og mjór. Á þeim er grundvallarmunur. Á tímabili þurrkaðist þessi tegund upp á höfuðborgarsvæðinu. Þetta nammi hafði verið til í Drekanum á Njálsgötu, en svo hættu þeir með nammiborðið. Ástæðan fyrir þessum vöruskorti var að flestar sjoppur voru farnar að kaupa heildarpakka frá einhverjum framleiðendum þar sem þessi brjóstsykur var ekki til, þannig að nammibarir ollu mér síendurteknum vonbrigðum. Þar var alltaf bara einhver meintur sterkur brjóstsykur. Og ekki reyna að tala við mig um Drakúlabrjóstsykur, hann reitir mig til reiði. Góður sterkur brjóstsykur er með þykku saltlakkrísbragði að utan og inni í honum er sterk duftfylling. Ég vil ekki dæma aðra, en ég skil ekki af hverju Milka-súkkulaðið selst á Íslandi. Útlenskt súkkulaði er að langmestu leyti vont, nema það samanstandi aðallega af einhverju öðru en súkkulaði, eins og Mars og Snickers. Einstakt fyrir íslenskt sælgæti, og því hefur ekki verið haldið nægilega mikið á lofti sem þjóðmenningu, er þessi einstaka lakkrís- og súkkulaðiblanda eins og Draumur og Kúlusúkk, að ógleymdum lakkrískúlunum frá Nóa. Þær eru sko engar bingókúlur.“




Að vakna endurnærð/ur eftir góðan svefn er ein besta stund dagsins

# Jólatilboð

**20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum**

Sérfræðingar í heilsurúmum

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*

* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.



**CLASSIC - rafstillanlegt**

Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**

Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**

Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGUGREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



sabrino **Ítölsk hönnun - hágæða sófasett** Kynningarverð



## SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# Ekta heilsusamlegt heimalagað súkkulaði

Uppskrift að heitu súkkulaði sem inniheldur til dæmis möndlumjólk, kókosolíu, kanil og hunang.

Á vefsíðunni heilsutorg.is er að finna girnilega uppskrift að heitu, heimalöguðu súkkulaði sem svínvirkar í skammdeginu á aðventunni. Í uppskriftinni eru vanillu-möndlumjólk, ekta hrátt kakó, hunang og kókosolía.

**Innihaldsefnin:**
Þetta er miðað við fyrir tvo.
- **2 bollar af vanillu-möndlumjólk.**
- **1 tsk. af hráu ekta kakói**
- **1 tsk. af lífrænu hunangi**
- **1 tsk. af kókosolíu**
- **1/2 tsk. af kanil**

**Leiðbeiningar:**
Hitið vanillu-möndlumjólkina en alls ekki láta hana sjóða og bættu svo restinni af uppskriftinni saman við. Settu svo allt saman í blandarann og láttu hrærast í um eina mínútu.

Kókosolían gefur kakóinu mýkt og góða fyllingu. Kanillinn er svo gott mótvægi við hunangið og það þarf ekki að bæta neinum sykri eða öðrum sætuefnum í þennan girnilega kakódrykk. - lkg

→ Kanillinn er svo gott mótvægi við hunangið og það þarf ekki að bæta sykri í þennan girnilega kakódrykk.



**GIRNILEGT** Það jafnast ekkert á við það að ylja sér með góðum kakóbolla.




starz

**BÚIÐ SPIL** Starz mun ekki sýna Fortitude.

## Hætt við að sýna Fortitude á Starz

Bandaríska sjónvarpsstöðin Starz hefur hætt við að sýna sjónvarpsseríuna Fortitude sem verður tekin upp hér á landi eftir áramót. Kvikmyndafyrirtækið Pegasus mun þjónusta tökuliðið á Íslandi en tökur fara aðallega fram á Reyðarfirði.

Serían, alls þrettán þættir, átti að vera samstarfsverkefni Starz og Sky Atlantic í Bretlandi en nú mun Sky Atlantic sjá um alla fjármögnun á verkefninu. Lýkur samstarfinu í góðu og ekki útilokað að sjónvarpsstöðvarnar muni vinna meira saman í framtíðinni samkvæmt fréttatilkynningu frá Starz.

Fortitude fjallar um friðsælan smábæ en allt kemst í uppnám þegar morð er framið þar. Ekki er enn ljóst hvaða leikarar munu leika aðalhlutverkin. - lkg



**EFTIRSÓTTUR** Orlando náði að safna helling af peningi.

## Sveitt skyrta fyrir 8 milljónir

Leikarar í Rómeó og Júlíu á Broadway buðu upp nokkra muni tengda sýningunni til styrktar baráttunni gegn alnæmi. Þetta gerist árlega og ákvað leikarinn Orlando Bloom að bjóða upp sveitta skyrtu sem hann hafði leikið í.

Idol-stjarnan og meðleikari hans, Justin Guarini, sá um uppboðið en á endanum slógust tveir aðdáendur um skyrtuna þannig að Orlando reddaði tveimur. Samkvæmt heimildum Variety söfnuðust alls 71 þúsund dollarar fyrir skyrturnar, rúmlega 8,3 milljónir króna.

Nokkrir hjartaknúsarar hafa tekið þátt í þessu uppboði í gegnum árin en leikarinn Hugh Jackman var upphafsmaður átaksins árið 2004 þegar hann seldi sveitt handklæði úr The Boy from Oz. Þá buðu Hugh og meðleikari hans, Daniel Craig, upp skyrtur árið 2009 úr sýningunni A Steady Rain. Í fyrra bauð Ricky Martin síðan upp buxurnar sínar í Evitu.

Leikararnir í Rómeó og Júlíu komu Justin Guarini á óvart á einni sýningunni þegar þeir réttu honum DVD-safn með American Idol til að bjóða upp en það fór á aðeins hundrað dollara, tæplega tólf þúsund krónur. - lkg

# Kenndi frá jökli í gegnum Skype

Páll Ásgeir Davíðsson stóð á Gígjökli og kenndi nemendum í Bretlandi og í Ameríku.

„Á meðan landið var bundið frostböndum föstudaginn síðastliðinn var haldin fyrsta Skype kennslustund mannkynssögunnar frá jökli,“ segir Páll Ásgeir Davíðsson, framkvæmdastjóri Vox Naturae, en nemendur í Ohio í Bandaríkjunum og Newcastle í Bretlandi áttu kennslustund með Páli Ásgeiri um mikilvægi jökla þar sem hann stóð uppi á Gígjökli.

Nemendurnir sem sátu í kennslustofum báðum megin við Atlantshafið fengu þannig tækifæri til að komast í tengsl við jökulinn. „Við fórum inn í íshelli, sáum beljandi jökulár, skoðuðum hversu mikið jökullinn hafði hopað og ræddum af hverju jöklar skipta máli fyrir börn sem búa langt frá fjöllum og á suðlægari slóðum,“ bætir Páll við.

Um er að ræða lið í undirbúningi fyrir Celebrating Glaciers-herferð Vox Naturae sem verður alþjóðleg vitundarvakning og menntunarátak um jökla, snjó og ís.

> ➜ Nemendur, kennarar og jafnvel tæknimenn voru gagnteknir af því að upplifa jökulinn.

„Nemendur, kennarar og jafnvel tæknimenn voru gagnteknir af því að upplifa jökulinn og af þeim skilaboðum sem jökullinn færir um hlýnandi loftslag. Því er spáð að jöklar verði mestmegnis horfnir af Íslandi á næstu 150-200 árum ef heldur fram sem horfir,“ segir Páll Ásgeir. - ósk



**Á GÍGJÖKLI** Páll Ásgeir talaði um mikilvægi jökla í beinni útsendingu.
MYND/ÚR EINKASAFNI



**BINGÓSTJÓRI** Jóhann Alfreð heldur uppi stuðinu.

## Jólabingó Bravó

Hið árlega jólabingó á Bravó verður haldið á miðvikudagskvöldið klukkan 21 en þar er til mikils að vinna. Meðal vinninga eru jólabækur frá Forlaginu, hangikjöt, rauðvín, bjór, konfekt og ýmislegt annað.

Mikið verður lagt upp úr jólalegri stemningu á Bravó og verður spiluð jólatónlist allt kvöldið. Bingóspjaldið kostar fimm hundruð krónur og með því fylgir ískaldur jólabjór en sérlegir bingóstjórar eru þeir eiturhressu Jóhann Alfreð og Jón Mýrdal. - lkg



**LORDES** Söngkonan unga hefur átt mikilli velgengni að fagna á árinu.
AFP/NORDICPHOTOS

## Lorde í skugga Beyoncé

Poppdrottningin Beyoncé kom aðdáendum sínum rækilega á óvart á föstudaginn þegar hún gaf út nýjustu plötu sína sem heitir einfaldlega Beyoncé, öllum að óvörum.

En hún var ekki eina poppstjarnan sem gaf út tónlist á föstudaginn. Söngkonan Lorde gaf út lagið No Better ásamt myndbandi.

Söngkonan Lorde hefur gert það gríðarlega gott á árinu og sló í gegn með laginu Royals. Lorde hins vegar féll í skuggann af Beyoncé, sem sagðist með sinni óvæntu útgáfu vera að „tala beint til aðdáenda sinna“.

Þrátt fyrir allt er lagið No Better að gera góða hluti á vinsældalistum vestanhafs, en hefði án efa fengið að tróna þar á toppnum hefði ekki verið fyrir óvænt útspil Beyoncé. - ósk



SAMBÍÓIN

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR TANGLED OG WRECK-IT RALPH
JÓLAMYNDIN Í ÁR




"BESTA TEIKNIMYND DISNEY SÍÐAN LION KING"
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
GRJÓTHÖRÐ SPENNUMYND MEÐ JASON STATHAM




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 5:40 - 6 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| HOMEFRONT | KL. 5:40 - 8:20 - 10:40 | 16 |
| HOMEFRONT VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8:20 - 10:40 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 8 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3:20 | L |
| HOMEFRONT | KL. 3:20 - 5:45 - 8 - 10:15 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 5:40 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8-10:20 | 16 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 5:40 - 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 10:20 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ










SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| FROSINN 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| FROSINN 3D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 - 5.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| PIONEER | KL. 6 - 9 | 16 |
| MANDELA | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PIONEER | KL. 6 - 8 | 16 |
| MANDELA | KL. 10 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði



LAUGARÁS BÍÓ







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FROZEN 3D | 5.30 | L |
| FROZEN 2D | 6 | L |
| HUNGER GAMES 2 | 8, 9, 10 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 6 | L |




**HEPPIN** Kelly leikur sjálfa sig í Nashville.

# Fær hlutverk í Nashville

American Idol-stjarnan Kelly Clarkson mun leika sjálfa sig í sjónvarpsþættinum Nashville sem fjallar um líf og störf kántrístjarna.

Kelly tekur að sjálfsögðu lagið og syngur popplagið Fade Into You með Mazzy Star. Sam Palladio og Clare Bowen, sem leika Gunnar Scott og Scarlett O'Connor, munu þenja raddböndin með Kelly.

Hún er ekki fyrsta stórstjarnan til að landa hlutverki í þáttunum því Chris Young, Vince Cill, Brantley Gilbert og Brad Paisley eru meðal tónlistarmanna sem hafa leikið í Nashville.

- lkg

# Gleðileg jól, Sigmundur Davíð

**BAKÞANKAR**
Sögu Garðarsdóttur



**ÉG** veit hvað þú ert að hugsa: „Nei, nei, ekki um jólin!" En engar áhyggjur, ég er ekki að skrifa þér til að þrefa og þessu korti fylgir engin krafa um svör. Jólakort eru nefnilega þess eðlis að þeim þarf ekki að svara, svo þú ættir að elska þau. Á hátíð ljóss og friðar er ekki bara hefð fyrir því að senda út jólakort heldur líka kærleik og hugsa til þeirra sem minna mega sín. En hugurinn ber mann bara hálfa leið. Ef ég ætla til dæmis á jólahlaðborð í Perlunni er ekki nóg að hugsa um laxahlaup, ég verð að panta borð. Eins þegar ég hugsa til þeirra sem minna mega sín þá hugsa ég líka hvað ég get gert fyrir þau og geri það.

**NÓG** er um þá sem eiga um sárt að binda um jólin. Fyrstur kemur mér í hug Snæfinnur snjókarl sem er einstæðingur, Adam sem á sjö syni en ekkert leikskólapláss, sama hvað hann hann stappar og klappar, og Andrés sem á að gefa tröllunum. Þá eru ótaldar allar mæðurnar sem lifa í ástlausum hjónaböndum og hrekjast í arma jólasveina sem þær kyssa í skjóli nætur meðan niðurbrotin börnin fylgjast með úr fjarska. Já, lífið getur verið miskunnarlaust.

**SAMT** eru þetta alls ekki þeir sem verst eru staddir í heimi hér. Allir hér að ofan eiga það sameiginlegt ásamt árstíðabundinni óhamingju að hafa ABC barn í sinni umsjá og styrkja Rauða krossinn. Þess vegna hljóðnaði og dimmdi í Davíðsborg þegar þú og Vigdís tilkynntu að lækka ætti framlög til þróunarmála um 460 milljón krónur. Það á að gefa börnum brauð en vel efnaðir útgerðarmenn, til að mynda, þurfa síður gjafir og einföld kolvetni. Það er afspyrnu lítið jólalegt að taka eitthvað frá þeim sem minnst mega sín og gefa öðrum betur stöddum það að gjöf. Þú kannast við jólaköttinn, Sigmundur. Við erum ekki að fara í hann og ef einhver er í aðstöðu til að færa stórar hugsanir í göfug verk þá ert það þú. Þú getur gefið gimsteina, perlur og gullsveig um enni – ef þú nennir!

**P.S.** Ég keypti 10 þúsund vatnshreinsitöflur frá UNICEF í þínu nafni og 150 pakka af næringarríkri fæðu í nafni Vigdísar vinkonu þinnar.

# Frumsýna tískumynd með heitasta karlmódeli Dana

**Ellen Loftsdóttir og Þorbjörn Ingason eru leikstjórar sem ganga undir nafninu Narvi Creative. Þau frumsýna tískumynd í dag á síðu Bast Magazine en næst á dagskrá er tónlistarmyndband með Highlands.**

„Við ætlum að frumsýna nýja tískumynd á síðu Bast Magazine sem íslensk stúlka, Hafrún Alda Karlsdóttir, stendur á bak við en hún er búsett hér í Kaupmannahöfn," segir stílistinn Ellen Loftsdóttir. Hún og kærasti hennar, Þorbjörn Ingason, eru leikstjórateymi sem ganga undir nafninu Narvi Creative og frumsýna nýja tískumynd í dag en skötuhjúin eru búsett í Kaupmannahöfn, höfuðstað Danmerkur.

„Við gerðum tískumyndina með einu stærsta karlmódelinu hér sem heitir Zakaria. Hann er búinn að ganga tískupalla hjá mörgum af stærstu merkjum í heiminum, til dæmis Tommy Hilfiger. Þessi tískumynd er ein og hálf mínúta og í henni sýnir Zakaria haust- og vortísku hjá merkjunum Wood Wod, Hennes & Mauritz, Carhartt, Norse Projects, Nike, Soulland og fleirum. Zakaria er mjög flottur strákur og ég er rosalega ánægð að við náðum að grípa hann en hann ferðast um allan heim vegna vinnunnar," bætir Ellen við.

Fleiri Íslendingar taka þátt í myndinni. Tónsmiðurinn og plötusnúðurinn Gísli Galdur gerði tónlistina og tökumaðurinn Þorsteinn Magnússon skaut myndina.

Ellen og Þorbjörn hafa framleitt tónlistarmyndbönd fyrir listamenn á borð við Gus Gus og Þórunni Antoníu og næsta verkefni er að taka upp myndband við lagið Hearts með hljómsveitinni Highlands en hana skipa tónlistarmaðurinn Logi Pedro Stefánsson og söngkonan Karin Sveinsdóttir.

„Við skjótum það milli jóla og nýárs og fáum tvo góða íslenska leikara til að leika aðalhlutverkin."

liljakatrin@frettabladid.is



**OFURPAR** Ellen og Þorbjörn hafa í nægu að snúast.

> **Zakaria er mjög flottur strákur og ég er rosalega ánægð að við náðum að grípa hann en hann ferðast um allan heim vegna vinnunnar.**
>
> *Ellen Loftsdóttir*

## → Verk eftir Narvi Creative

- **One** - tískumynd
- **Over með Gus Gus** - tónlistarmyndband
- **Andrea Maack Parfums Shot** - mynd
- **Nicola Formichetti Short fyrir CCP** - mynd
- **So High með Þórunni Antoníu** - tónlistarmyndband


ÍSLANDS BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# KRÓNAN

– fyrst og fremst
ódýr um jólin

# TILBOÐ Í DAG




**20% afsláttur**



# 3998 kr. stk.

**Verð áður ~~4998~~ kr. stk.**

**Besta svarið - fjölskylduspil**

**Tilboðið gildir aðeins í dag 16. desember**

**Spilið fæst í eftirfarandi verslunum:**

Krónan Bíldshöfða | Krónan Granda | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is



# HLÝJAR JÓLAGJAFIR



SKOGSTAD GLACIER DÚNÚLPA
Græn, dökkblá og ljósblá
Stærðir 80–116
16.990 KR.



SKOGSTAD SNAPP DÚNÚLPA
Bleik og ljósbrún
Stærðir 80–116
16.990 KR.



COLUMBIA ALPINE ÚLPA
Svört og græn
Stærðir 104–152
14.990 KR.



DIDRIKSONS BIGGLES LÚFFUR
Grænar, fjólubláar, bláar, svartar, rauðar og dökkbláar
2.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA • 133463




Munið gjafabréfin!

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3
ellingsen.is




## Valdís Þóra átti erfiðan dag

**GOLF** Möguleikar Valdísar Þóru Jónsdóttur á sæti á Evrópumótaröðinni í golfi minnkuðu talsvert í gær en þá spilaði hún á níu höggum yfir pari á lokaúrtökumótinu sem nú fer fram í Marokkó.

Hún er á samtals ellefu höggum yfir pari eftir fyrstu tvo keppnisdagana og meðal neðstu keppenda, sem eru 95 talsins. 60 efstu komast í gegnum niðurskurðinn að loknum fjórum hringjum en 30 efstu að loknum fimm hringjum fá þátttökurétt í Evrópumótaröðinni. - esá

## Fyrsti titill Stjörnukvenna síðan 2010 – Haukar unnu FH

**HANDBOLTI** Karlalið Hauka og kvennalið Stjörnunnar halda í jólafríið með bros á vör eftir að hafa orðið deildarbikarmeistarar um helgina. Haukar unnu erkifjendur sína og granna í FH, 25-22, en Stjarnan lagði spútniklið Gróttu í kvennaflokki, 28-23.

„Þetta er fyrsti titill liðsins síðan 2010 og það er enn pláss í bikarskápnum hjá Stjörnunni,“ sagði Skúli Gunnsteinsson, þjálfari Stjörnunnar. Rakel Dögg Bragadóttir var ekki með Stjörnunni vegna meiðsla en það kom ekki að sök. „Þá spiluðu margar vel í hennar fjarveru en Helena [Rut Örvarsdóttir] stóð upp úr. Hún er ungur leikmaður og spilaði frábærlega, ekki síst í vörn.“

Úrslitaleikirnir fóru fram í íþróttahúsinu við Strandgötu, gamla heimavelli Hauka. Þeim rauðklæddu leið greinilega vel þar því Haukar unnu sanngjarnan sigur á FH-ingum í úrslitaleiknum í karlaflokki.

„Við erum með grunnskipulag og taktík sem við förum eftir en þessir strákar eru líka mjög öflugir einstaklingar,“ sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka. „Þeir spiluðu frábærlega í dag og ég er virkilega sáttur með fyrsta bikar vetrarins.“



**FÖGNUÐUR** Skúli Gunnsteinsson, þjálfari Stjörnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fjölskyldan hætt að spyrja

**Alfreð Finnbogason heldur áfram að raða inn mörkunum í Hollandi. Hann hefur verið þrálátlega orðaður við fjölda sterkra liða í mörgum löndum og viðurkennir að það geti verið erfitt að halda fullri einbeitingu.**

**FÓTBOLTI** „Sigrar eru alltaf kærkomnir, sérstaklega þegar það er lítill munur á milli liða í deildinni,“ segir Alfreð Finnbogason en hann tryggði Heerenveen mikilvæg þrjú stig með því að skora bæði mörkin í 2-1 útisigri á PEC Zwolle í hollensku úrvalsdeildinni á föstudagskvöldið.

Alfreð hafði ekki skorað í tveimur leikjum í röð og misst af tveimur til viðbótar vegna meiðsla. Hann hafði því ekkert skorað í rúman mánuð en er þrátt fyrir það enn langmarkahæsti leikmaður deildarinnar með sextán mörk í fjórtán leikjum.

„Maður getur í raun sjálfum sér um kennt að það teljist krísa að skora ekki í tveimur leikjum í röð. Ég kom mér sjálfur í það vandamál,“ sagði Alfreð í léttum dúr en hann segist aðeins hafa misst taktinn þegar hann meiddist um miðjan síðasta mánuð. Alfreð var næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar á síðasta tímabili með 24 mörk og segist sáttur við að hafa náð að fylgja þeim frábæra árangri eftir í haust.

„Margir efuðust um að ég gæti haldið uppteknum hætti annað árið í röð. Þessi frábæra byrjun mín á tímabilinu sýnir að þetta var engin heppni og sjálfur var ég staðráðinn í að sýna að ég gæti verið máttarstólpi í liðinu tvö ár í röð.“



**SKORAÐI TVÖ** Alfreð Finnbogason í leiknum gegn PEC Zwolle á föstudaginn en hann skoraði bæði mörk Heerenveen í 2-1 sigri liðsins. Alfreð hefur nú skorað átján mörk í sextán leikjum, bæði í deild og bikar. NORDICPHOTOS/GETTY

### Allir geta unnið alla

Alfreð segir að hollenska deildin sé sterk en jafnari en oft áður. Það stafar af því að risarnir í hollenska boltanum – Ajax, PSV og Feyenoord – hafi oft verið betri en nú. Þessi þrjú lið hafa unnið 51 af 55 titlum síðan úrvalsdeildin [Eredivisie] var stofnuð árið 1956 en eru síður en svo með yfirburðastöðu í deildinni nú.

„Nú geta allir unnið alla. Zwolle, sem við unnum á föstudaginn, vann fyrstu fimm leiki sína á tímabilinu en hefur nú ekki unnið í sex leikjum í röð. Það er auðvitað getumunur á liðum í deildinni en ef neðstu liðin vinna tvo sigra í röð eru þau lið komin í pakkann um miðja deild,“ útskýrir Alfreð.

„Ég vil sýna að ég geti skorað gegn hverjum sem er og það gaf mér mikið sjálfstraust að hafa skorað í nánast öllum leikjum gegn bestu liðunum á síðasta tímabili. Ég vil komast í sterkari deild og þá þarf maður að vera enn stöðugri og sterkari.“

### Auðvelt að missa einbeitinguna

Markaskorarar fá ávallt mikla athygli og ekki síst þeir sem standa sig vel í hollensku deildinni. Það hefur margsýnt sig að stóru liðin í Evrópu eru ófeimin við að fjárfesta í þeim – enda hefur Alfreð verið orðaður við nánast óteljandi lið á undanförnum vikum og mánuðum.

Alfreð er spurður út í framtíð sína á nánast hverjum degi og viðurkennir að það verði þreytandi til lengdar.

„Fjölskyldan mín á Íslandi les auðvitað fréttirnar sem eru sumar hverjar sannar en aðrar ekki. Ég sagði þeim um daginn að hætta einfaldlega að spyrja mig – ég myndi bara láta vita þegar eitthvað merkilegt gerist,“ segir Alfreð.

„En ég viðurkenni að það er auðvelt að missa einbeitinguna og byrja að hugsa um næsta skref of snemma. Eina leiðin fyrir mig er að taka næsta skref á mínum ferli er að standa mig vel í hverjum leik sem ég spila hér. Ég vil því helst bara einbeita mér að næsta leik og hvort eitthvað gerist í janúar verður þá bara að koma í ljós.“

Heerenveen fékk nokkur tilboð í Alfreð í sumar en þeim var öllum hafnað. „Félagið setti háan verðmiða á mig og í sumar var ekkert lið reiðubúið að borga svo mikið. Ég vil því sýna að ég sé svo mikils virði eins og félagið heldur fram.“

### Skiptir máli að velja rétt

Alfreð segir að það trufli sig ekki þó svo að hann sé borinn saman við bestu sóknarmenn Evrópu. „Ég hef gaman af því en það er stór munur á því að skora vikulega í Hollandi og svo þessum bestu deildum í Evrópu. Þeir eru margir sem hafa farið héðan í sterk lið en mistekist. Aðrir hafa staðið sig en aðeins tíminn mun leiða í ljós hvernig mér mun ganga. Ef ég fæ tækifæri til að komast í sterka deild skiptir máli að ég velji mér lið og umhverfi þar sem ég mun fá tækifæri til að skapa færi og skora mörk. En ég hef fulla trú á sjálfum mér og ég tel það ekki síður mikilvægt.“

eirikur@frettabladid.is

> **„Ég viðurkenni að það er auðvelt að missa einbeitinguna og byrja að hugsa um næsta skref of snemma.**
>
> *Alfreð Finnbogason, leikmaður Heerenveen.*

## Mun aldrei sætta mig fullkomlega við tapið í Króatíu



„Eigum við ekki bara að sleppa því að tala um það,“ segir Alfreð Finnbogason spurður um hvort hann hafi fylgst með þegar dregið var í riðla fyrir HM í Brasilíu næsta sumar. Króatía, sem sló Ísland úr leik í umspilsrimmu liðanna í síðasta mánuði, verður í riðli með Brasilíu og spilar opnunarleik keppninnar gegn heimamönnum.

„Jú, ég fylgdist með þessu. Það var ekki gaman,“ bætir hann við. Alfreð viðurkennir að 2-0 tapið í Zagreb sitji enn í honum. „Ég held að ég muni aldrei sætta mig fullkomlega við þetta – að hafa verið svo nálægt þessu en mistekist. Hins vegar er lítið við því að gera þegar maður tapar fyrir liði sem spilar betur á þeim degi. Króatarnir voru mun betri en við í þessum leik. Þannig var það bara,“ segir hann.

Alfreð byrjaði í helmingi leikja Íslands í undankeppni HM og kom við sögu í öllum þeirra nema tveimur. Hann skoraði tvö mörk af þeim sautján sem Ísland skoraði alls.

„Ég byrjaði ágætlega á þessu ári og átti gott samstarf við Kolbein. En þá meiðist ég og missi af tveimur leikjum. Liðinu gekk þá vel og ég komst ekki aftur inn í byrjunarliðið strax,“ segir Alfreð. „Mér finnst ég eiga talsvert inn með landsliðinu og að ég geti sýnt meira en ég hef gert. Það finnst mér jákvætt.“

Alfreð byrjaði í báðum leikjunum gegn Króatíu en sóknarleikur Íslands gekk illa í þeim leikjum. „Ég fundaði mikið með Lars [Lagerbäck, landsliðsþjálfara] þar sem við förum yfir leikskipulagið. En sóknarleikurinn var ekki í forgangi og ég held að okkur hafi ekki tekist að skapa okkur opið færi í þessum tveimur leikjum. Þá nýtast mínir hæfileikar ekki sem best,“ segir Alfreð.

„En það er alveg ljóst að við erum komnir með góðan grunn fyrir framtíðina. Við töluðum það strax eftir leik að nota þessa ónotatilfinningu til að hvetja okkur áfram í næstu undankeppni. Næsta markmið er að gera atlögu að sæti í úrslitakeppni EM 2016.“


NÝR 8BLS
BÆKLINGUR
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10:00 - 19:00
SENDUM
FRÍTT
ALLAR VÖRUR
TIL JÓLA
SPJALDTÖLVUR
ÞÚ FÆRÐ NÝJUSTU OG FLOTTUSTU TÖLVURNAR Í TÖLVUTEK
DESEMBER
TILBOÐ
OPIÐ FRÁ 10-19 ALLA DAGA TIL JÓLA
LEIKJATÖLVA
MOBII P721
MOBII 925
19.900
21.900
24.900
0%
VEXTIR
7"ONYXGPS
MOBII 1030S
29.900
34.900
NÝ VERSLUN
NÝ SENDING AF USB IGLINGRI FRÁ SATZUMA
10" GALAXY TAB 3
iPad Mini Retina
SPJALDTÖLVUTÖSKUR
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
SMELLTU
Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Alla daga til jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# ÚRSLIT

## DOMINO'S-DEILD KARLA

**ÞÓR Þ. - ÍR 79-78 (35-39)**
**Þór:** Ragnar Ágúst Nathanaelsson 27/22 fráköst, Mike Cook Jr. 17/5 fráköst/7 stoðsendingar.
**ÍR:** Calvin Lennox Henry 25/12 fráköst, Hjalti Friðriksson 20/11 fráköst, Sveinbjörn Claessen 14.

**SKALLAGR. - GRINDAVÍK 73-85 (50-32)**
**Skallagrímur:** Egill Egilsson 19/8 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 17/5 fráköst, Oscar Bellfield 11.
**Grindavík:** Earnest Lewis Clinch Jr. 20/7 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 18/5 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 15/5 fráköst.

**KR - HAUKAR 96-67 (41-33)**
**KR:** Martin Hermannsson 19/5 fráköst, Terry Leake Jr. 16/4 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 15, Pavel Ermolinskij 12/13 fráköst/9 stoðsendingar.
**Haukar:** Terrence Watson 17/12 fráköst, Sigurður Þór Einarsson 16, Emil Barja 9/9 fráköst.

**KFÍ - VALUR 85-68 (43-34)**
**KFÍ:** Mirko Stefán Virijevic 23/16 fráköst, Jason Smith 19/7 fráköst/14 stoðsendingar.
**Valur:** Chris Woods 24/10 fráköst/7 stoðsendingar, Birgir Björn Pétursson 17/5 fráköst.

**KEFLAVÍK - SNÆFELL 103-77**

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KR | 11 | 11 | 0 | 1063-829 | 22 |
| Keflavík | 11 | 10 | 1 | 978-819 | 20 |
| Grindavík | 11 | 7 | 4 | 948-903 | 14 |
| Njarðvík | 10 | 6 | 4 | 937-848 | 12 |
| Haukar | 11 | 6 | 5 | 927-903 | 12 |
| Stjarnan | 10 | 6 | 4 | 845-808 | 12 |
| Þór Þ. | 11 | 6 | 5 | 997-1017 | 12 |
| Snæfell | 11 | 5 | 6 | 968-983 | 10 |
| KFÍ | 11 | 3 | 8 | 917-982 | 6 |
| ÍR | 11 | 2 | 9 | 881-1051 | 4 |
| Skallagrímur | 11 | 2 | 9 | 839-1001 | 4 |
| Valur | 11 | 1 | 10 | 881-1037 | 2 |

## DOMINO'-S DEILD KVENNA

**VALUR - NJARÐVÍK 79-46**
**GRINDAVÍK - KR 52-72**
**KEFLAVÍK - SNÆFELL 58-84**

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 14 | 11 | 3 | 1103 - 921 | 22 |
| Keflavík | 14 | 10 | 4 | 1045 - 1004 | 20 |
| Haukar | 14 | 9 | 5 | 1075 - 994 | 18 |
| Hamar | 14 | 6 | 8 | 975 - 1005 | 12 |
| Valur | 14 | 6 | 8 | 997 - 993 | 12 |
| KR | 14 | 6 | 8 | 966 - 982 | 12 |
| Grindavík | 14 | 6 | 8 | 964 - 1034 | 12 |
| Njarðvík | 14 | 2 | 12 | 909 - 1101 | 4 |

## ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**MANCHESTER CITY - ARSENAL 6-3**
**NEWCASTLE - SOUTHAMPTON 1-1**
**WEST HAM - SUNDERLAND 0-0**
**EVERTON - FULHAM 4-1**
**CHELSEA - CRYSTAL PALACE 2-1**
**CARDIFF - WEST BROM 1-0**
**HULL - STOKE 0-0**
**ASTON VILLA - MAN. UNITED. 0-3**
**NORWICH - SWANSEA 1-1**
**TOTTENHAM - LIVERPOOL 0-5**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Arsenal | 16 | 11 | 2 | 3 | 33-17 | 35 |
| Liverpool | 16 | 10 | 3 | 3 | 39-18 | 33 |
| Chelsea | 16 | 10 | 3 | 3 | 32-18 | 33 |
| Manchester City | 16 | 10 | 2 | 4 | 47-18 | 32 |
| Everton | 16 | 8 | 7 | 1 | 27-15 | 31 |
| Newcastle | 16 | 8 | 3 | 5 | 21-22 | 27 |
| Tottenham | 16 | 8 | 3 | 5 | 15-21 | 27 |
| Southampton | 16 | 6 | 6 | 4 | 20-15 | 24 |
| Man. United | 15 | 6 | 4 | 5 | 22-19 | 22 |
| Swansea | 15 | 5 | 4 | 6 | 21-20 | 19 |
| Aston Villa | 15 | 5 | 4 | 6 | 16-18 | 19 |
| Hull | 16 | 5 | 4 | 7 | 13-19 | 19 |
| Stoke | 16 | 4 | 6 | 6 | 15-20 | 18 |
| Cardiff | 16 | 4 | 5 | 7 | 12-22 | 17 |
| Norwich | 15 | 5 | 2 | 8 | 14-28 | 17 |
| WBA | 16 | 3 | 6 | 7 | 17-22 | 15 |
| West Ham | 16 | 3 | 5 | 8 | 13-19 | 14 |
| Crystal Palace | 16 | 4 | 1 | 11 | 11-24 | 13 |
| Fulham | 16 | 4 | 1 | 11 | 15-30 | 13 |

# Hannes Jón enn að berjast við sýkingu

**HANDBOLTI** Hannes Jón Jónsson, leikmaður Eisenach í Þýskalandi, fór á laugardaginn í sína aðra aðgerð á nokkrum dögum vegna slæmrar sýkingar í öxl. Hann var lagður inn á sjúkrahús fyrir viku með mikla verki í öxlinni en hann er vongóður um að nú horfi til betri vegar.

„Tíminn verður að leiða það í ljós en læknarnir gátu ekki annað séð í aðgerðinni en að sýkingin væri í rénun – bæði í liðnum og í blóðinu," sagði Hannes Jón. Hann þarf þó að dvelja áfram á sjúkrahúsinu næstu daga þar sem hann er enn að gangast undir sýklalyfjameðferð. **- esá**

# Stella enn með ský fyrir auganu

**HANDBOLTI** Stella Sigurðardóttir hefur ekki fengið fulla sjón enn eftir að hún fékk þungt högg á augað í æfingaleik með íslenska landsliðinu í síðasta mánuði.

„Ég er aðeins byrjuð að æfa á ný. Ég er búin að taka tvær handboltaæfingar en annars hef ég mest verið að lyfta og þess háttar," segir Stella sem er á mála hjá danska liðinu SönderjyskE.

„En ég er ekki enn komin með fulla sjón aftur. Það er enn smá ský fyrir auganu. Ég er enn að taka dropa sem ég fékk hjá læknunum á Íslandi og á að taka þá þangað til í næstu viku. Ef þetta verður ekki komið þá mun ég fara aftur til þeirra þegar ég kem heim í jólafrí," segir hún.

Stella hefur þó ekki miklar áhyggjur af auganu, þó svo að hún vildi gjarnan fá fulla sjón aftur sem fyrst. „Augnbotninn er heill sem er fyrir öllu og læknarnir segja að ég eigi að fá fullan bata. Þetta er því vonandi allt að koma hjá mér."

Stella stundar háskólanám samhliða handboltanum og er nýbúin með jólaprófin. „Það var svolítið erfitt að lesa bara með öðru auganu en þetta gekk þó sæmilega hjá mér," sagði hún.

Auk Stellu leika Karen Knútsdóttir og Ramune Pekarskyte með SönderjyskE en þjálfari liðsins er Ágúst Þór Jóhansson landsliðsþjálfari.



**FÉKK LEPP** Stella meiddist í æfingaleik gegn Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Betri en helmingur liða í allri deildinni

Luis Suarez skoraði tvö mörk í 5-0 sigri Liverpool á Tottenham í gær. Hann hefur skorað sautján mörk í ellefu leikjum og virðist einfaldlega óstöðvandi.

**FÓTBOLTI** Liverpool er komið á ógnarskrið í ensku úrvalsdeildinni. Liðið hefur unnið síðustu þrjá leiki sína samanlagt með fjórtán mörkum gegn tveimur en í gær fóru þeir rauðklæddu illa með Tottenham í Lundúnum, 5-0. Líkast til er enginn að spila betur í ensku úrvalsdeildinni en Luis Suarez – sem hefur skorað átta mörk í þessum þremur leikjum og er kominn með sautján mörk alls á tímabilinu.

Tíu lið, þar á meðal Tottenham, hafa ekki einu sinni náð að skora svo mörg mörk í deildinni í vetur og er þá frátalin sú staðreynd að Suarez var í banni í fyrstu fimm leikjum tímabilsins.

„Ég reyni mitt besta á vellinum. Ég er sóknarmaður og reyni að skora. Það mikilvægasta er frammistaða liðsins. Við spiluðum mjög vel," sagði hógvær Luis Suarez en stjóri hans, Brendan Rodgers, vildi ekki gera mikið úr einstaklingsafreki Suarez eftir leikinn. Hann lofaði frekar liðið allt.

„Við skoruðum fimm mörk en hefðum auðveldlega getað skorað sjö eða átta. Ég er ekki í vafa um að þetta sé besta heildarframmistaða liðsins síðan ég tók við," sagði Rodgers.

Suarez og Cristiano Ronaldo, leikmaður Real Madrid, hafa báðir skorað sautján deildarmörk á tímabilinu. Ronaldo er þó búinn að spila fleiri leiki (fimmtán) og skora fleiri mörk úr vítum (fjögur). Suarez hefur einmitt lengi vel verið orðaður við Real Madrid en það er ljóst að verðmiðinn á kappanum verður aðeins hærri með hverjum leiknum sem líður.

Arsenal gaf eftir í toppbaráttunni um helgina með 6-3 tapi gegn Manchester City í ótrúlegum leik á laugardaginn. Liverpool og Chelsea náðu því að minnka forystu Lundúnaliðsins á toppnum í tvö stig en City og Everton fylgja á eftir í humátt.

Manchester United kom sér svo á sigurbraut á ný með 3-0 útisigri á Aston Villa í gær þar sem Danny Welbeck skoraði tvö fyrstu mörk United.

eirikur@frettabladid.is

**ÓTRÚLEGUR** Luis Suarez hefur skorað átta mörk í síðustu þremur leikjum fyrir Liverpool.



## Luis Suarez

**Fæddur**
24. janúar 1987 í Salto, Úrúgvæ.

**Kom frá**
Ajax árið 2011.

**17** mörk í **11** leikjum
**4** stoðsendingar
**1,55** mörk að meðaltali í leik
**58** mínútur á milli marka

**Liverpool án Suarez:**
**5** mörk í **5** leikjum
**Liverpool með Suarez:**
**34** mörk í **11** leikjum

## Liðin sem hafa skorað færri mörk en Suarez

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 Mörk | 15 Mörk | 15 Mörk | 15 Mörk | 15 Mörk | 13 Mörk | 13 Mörk | 12 Mörk | 11 Mörk | 11 Mörk |



**GÓÐUR ÁRANGUR** Eygló Ósk komst tvisvar í úrslit í Herning. NORDICPHOTOS/AFP

# Eygló Ósk í sjöunda sæti

**SUND** Eygló Ósk Gústafsdóttir, sundkona úr Ægi, komst tvívegis í úrslit á EM í 25 m laug sem lauk í Herning í gær. Í gær hafnaði hún í sjöunda sæti í 100 m baksundi er hún hjó nærri Íslandsmeti sínu í greininni með því að synda á 2:06,68 mínútum.

Eygló Ósk varð fyrsta íslenska konan til að komast í úrslit á EM í 25 m laug fyrir helgi en þá varð hún áttunda í 100 m baksundi. Hún bætti eitt Íslandsmet á mótinu en það gerði hún í undanrásunum í 100 m baksundi.

Alexander Jóhannesson náði að bæta sinn besta árangur í einni grein en enginn hinna fjögurra í íslenska hópnum, utan Eyglóar, náði að bæta sig í Herning. Þau kepptu samtals í sextán greinum. Ísland keppti svo í fjórum boðsundum og setti eitt met. **- esá**

# Jón Arnór fer í hnéaðgerð

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson verður frá næstu þrjár vikurnar eða svo þar sem hann þarf að fara í aðgerð vegna óþæginda í hné. Félag hans á Spáni, CAI Zaragoza, staðfesti það um helgina.

Það er því ljóst að Jón Arnór spilar ekki meira á árinu en í fjarveru hans tapaði liðið fyrir Gran Canaria á Kanaríeyjum í gær, 58-55. CAI Zaragoza er í áttunda sæti spænsku úrvalsdeildarinnar. **- esá**




**KitchenAid** JÓLATILBOÐ




Vélin fæst í mörgum litum - Verð frá kr. 84.990

**KitchenAid**
FOR THE WAY IT'S MADE.



**JÓLATILBOÐ! Öllum KitchenAid Artisan hrærivélum fylgir fimm stykkja mandolín sett með skálum ásamt matreiðslubók á íslensku.**

**Saeco** JÓLATILBOÐ




CERTIFIED BY CENTRO STUDI ASSAGGIATORI ITALIAN TASTERS



Yfir 6.000 mögulegar kaffiblöndur. Ítalska hefðin um ferðalag baunarinnar í bollan hefur verið endurtúlkuð af Saeco. Komdu við og bragðaðu á hágæða kaffi sniðnu að þínum þörfum.

Saeco
*Crafted by Coffee Lovers*

caffè KIMBO

*Saeco vélarnar fást í mörgum gerðum. Verð frá kr. 54.990.*

*1 kíló af ítölskum Kimbo Extra Cream kaffibaunum fylgir með hverri Saeco vél til jóla.*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl 19.25**
## Eitthvað annað
Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, fólk sem þorir að stíga út úr þægindaramma launþegans og láta drauminn um að gera eitthvað annað rætast.

## Í KVÖLD



### Í eldhúsinu hennar Evu
**STÖÐ 3 KL 20.05** Glæsilegir matreiðsluþættir þar sem matgæðingurinn Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir deilir með áhorfendum uppskriftum og aðferðum við að galdra fram dýrindis mat í eldhúsinu.



### Dumb and Dumber
**STÖÐ 2 BÍÓ** kl **20.00** Frábær gamanmynd um erkiaulann Lloyd Christmas sem starfar sem leigubílstjóri. Þegar hann keyrir eina draumadísina á flugvöllinn verður hann ástfanginn og þá er ekki að sökum að spyrja.



### Eldsnöggt með Jóa Fel
**STÖÐ 2 GULL** kl **19.00** Jói Fel er mættur í sérstakri hátíðarútgáfu af matreiðsluþáttum sínum. Þetta er hundraðasti þátturinn og af því tilefni verður blásið til veislu.

**X-ið 977 kl 07.00**
## Harmageddon



Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 7-10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**07.06** Barnatími Stöðvar 2
**08.15** Malcolm In The Middle
**08.40** Ellen
**09.20** Bold and the Beautiful
**09.40** Doctors
**10.20** Miami Medical
**11.00** 2 Broke Girls
**11.20** How I Met Your Mother
**11.45** Glory Daze
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor
**14.25** Wipeout USA
**15.10** ET Weekend
**16.15** Ellen
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.22** Nágrannar
**17.45** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**17.52** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.16** Veður
**19.25** Eitthvað annað *(2:8)*
**19.55** Mom *(6:22)*
**20.20** Making Attenborough's Galapagos
**21.20** Hostages *(12:15)*
**23.00** World Without End *(7:8)*
**23.50** The Big Bang Theory
**00.10** How I Met Your Mother
**00.35** The Mentalist
**01.25** Bones
**02.10** Hellcats
**02.50** I Am Number Four
**04.35** American Pie 2

## SPORT *besta sætið*

**07.00 16 liða úrslit** Útsending frá leik í 16 liða úrslitum á HM kvenna í handbolta.
**16.50 16 liða úrslit** Bein útsending frá leik í 16 liða úrslitum á HM kvenna í handbolta.
**18.25 Spænsku mörkin 2013/14** Sýndar svipmyndir frá leikjunum í spænsku úrvalsdeildinni.
**19.00 Njarðvík - Stjarnan** Bein útsending frá leik Njarðvíkur og Stjörnunnar í Dominos-deild karla í körfubolta.
**21.00 Atletico - Valencia** Útsending frá leik Málaga og Barcelona í spænska boltanum.
**22.40 16 liða úrslit** Útsending frá leikjum í 16 liða úrslitum á HM kvenna í handbolta.
**01.20 Njarðvík - Stjarnan** Útsending frá leik Njarðvíkur og Stjörnunnar í Dominos-deild karla í körfubolta.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Tottenham - Liverpool
**12.40** Cardiff - WBA
**14.20** Man. City - Arsenal
**16.00** Everton - Fulham
**17.40** Hull - Stoke
**19.20** Aston Villa - Man. Utd.
**21.00** Messan
**22.10** Football League Show
**22.40** Norwich - Swansea
**00.20** Messan

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Eldhús meistaranna **21.00** Vafrað um Vesturland **21.30** ABC barnahjálp

## STÖÐ 3

**17.10** Extreme Makeover: Home Edition
**17.55** Hart of Dixie
**18.35** The New Normal
**19.00** Make Me A Millionaire Inventor
**19.40** Dads
**20.05** Í eldhúsinu hennar Evu
**20.30** Glee 5 *(8:22)*
**21.15** Mindy Project *(14:24)*
**21.35** Men of a Certain Age *(2:10)*
**22.20** Pretty Little Liars *(14:24)*
**23.05** Nikita
**23.45** Justified
**00.30** Make Me A Millionaire Inventor
**01.15** Dads
**01.35** Í eldhúsinu hennar Evu
**02.00** Glee 5
**02.45** Mindy Project
**03.05** Men of a Certain Age

## Krakkastöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Ævintýri Tinna **07.27** Brunabílarnir **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **08.07** Lukku láki **08.31** Ofurhundurinn Krypto **08.52** Hvellur keppnisbíll **09.00** Dóra könnuður **09.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveinsson **10.48** Latibær **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Ævintýri Tinna **11.27** Brunabílarnir **11.47** Ævintýraferðin **12.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.07** Lukku láki **12.31** Ofurhundurinn Krypto **12.52** Hvellur keppnisbíll **13.00** Dóra könnuður **13.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveinsson **14.48** Latibær **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Ævintýri Tinna **15.27** Brunabílarnir **15.47** Ævintýraferðin **16.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **16.07** Lukku láki **16.31** Ofurhundurinn Krypto **16.52** Hvellur keppnisbíll **17.00** Dóra könnuður **17.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Áfram Diego, áfram! **18.19** Svampur Sveinsson **18.43** Rasmus Klumpur og félagar **18.48** Latibær **19.00** GoldiLocks and the 3 Bears Show **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**16.45** Strákarnir
**17.15** Friends
**17.40** Seinfeld
**18.05** Modern Family
**18.30** Two and a Half Men
**19.00** Eldsnöggt með Jóa Fel
**19.35** Sjálfstætt fólk *(3:30)*
**20.10** Mannshvörf á Íslandi *(3:8)*
**20.45** Réttur *(3:6)*
**21.30** Ljósvakavíkingar - Stöð 2 *(3:5)*
**22.05** Heimsendir *(3:9)*
**22.45** Heimsréttir Rikku
**23.10** Um land allt
**23.35** Pressa
**00.20** Sælkeraferðin
**00.40** Beint frá býli
**01.20** Hlemmavídeó

## BÍÓ

**10.35** La Délicatesse
**12.25** Charlie and the Chocolate Factory
**14.20** Dumb and Dumber
**16.15** La Délicatesse
**18.05** Charlie and the Chocolate Factory
**20.00** Dumb and Dumber
**22.00** Taken 2
**23.35 Stig Larsson þríleikurinn** Loftkastalinn sem hrundi.
**02.00** Battle in Heaven
**03.40** Taken 2

## RÚV

**16.40** Landinn
**17.10** Jólasveinarnir í Dimmuborgum
**17.30** Spurt og sprellað
**17.35 Jóladagatalið - Jólakóngurinn** *(16:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
**17.59** Jólastundarkorn
**18.05** Táknmálsfréttir
**18.15** Orðbragð
**18.45 Geðveik jól - lögin** *(2013) (4:6)* Starfsfólk 12 fyrirtækja keppa um titilinn „Geðveikasta jólalagið 2013".
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.05 Ítölsk jól með Nigellu** *(Nigellissima - Christmas 2012)* Í þættinum fer sjónvarpskokkurinn þekkti Nigella Lawson til Feneyja og útbýr jólahlaðborð með ítölskum réttum fyrir gesti sína.
**21.10** Dicte *(3:10)*
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20 Viðtalið** *(Robert Z. Aliber)* Bogi Ágústsson ræðir við Robert Z. Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Háskólann í Chicago.
**22.45 Saga kvikmyndanna – Bandarískt bíó á áttunda áratugnum** *(9:15) (The Story of Film: An Odyssey)*
**23.50** Kastljós
**00.10** Fréttir
**00.20** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr.Phil
**09.10** Pepsi MAX tónlist
**15.30** Secret Street Crew
**16.20** Judging Amy
**17.05** Happy Endings
**17.30** Dr.Phil
**18.10** Top Gear´s Top 41
**19.00** Cheers
**19.25** Save Me *(12:13)*
**19.50** 30 Rock *(12:13)*
**20.15** Top Chef *(2:15)*
**21.05** Hawaii Five-0 *(6:22)*
**21.55 CSI. New York** *(15:17)* Rannsóknardeildin frá New York snýr aftur í hörkuspennandi þáttaröð þar sem hinn alvitri Mac Taylor ræður för. Spennandi þáttur um glæp sem hefst í Vegas en lýkur í New York.
**22.45** CSI *(13:23)*
**23.30** Law & Order: Special Victims Unit
**00.15** Hawaii Five-0
**01.05** Ray Donovan
**01.55** The Walking Dead
**02.45** In Plain Sight
**03.35** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **10.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **13.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **16.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **19.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **22.00** Ryder Cup Official Film 2006 **23.15** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



heimkaup.is
Raftækin finnur þú á heimkaup.is
Panasonic 42“
Full HD
Kynningarverð
119.990
149.900
20%
Panasonic
TX-L42B6E
Samsung 42“
Full HD
Kynningarverð
134.900
20%
169.900
UE42F5070SSXZG
SAMSUNG
Samsung 55“
Full HD, 3D, Smart TV
Kynningarverð
359.990
419.000
14% afsláttur og Galaxy Tab fylgir frítt með!
UE55F6510SSXZG
SAMSUNG
Apple TV
3ja kynslóð
Kynningarverð
17.890
25%
23.900
Ný vara á lager
Samsung Galaxy Tab
Verð
29.990
Chromecast
Úr símanum í sjónvarpið
Kynningarverð
9.650
12.900
25%
chrome
Nokia 113
Einfaldur og góður sími
Kynningarverð
4.995
9.995
50%
Spilaðu Xbox One um jólin
Ný vara á lager
Nýju leikjatölvurnar á Heimkaup
iPad 4
WI-FI+4G, 16GB
Kynningarverð
98.897
123.900
20%
Mikið úrval af Beats heyrnartólum. Margir litir.
Xbox One
250GB diskur
Verð
139.900
KLÁRAÐU JÓLAGJAFIRNAR Á EINU BRETTI
Pökkum inn og sendum svo frítt heim!
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700
heimkaup.is
Örugg vefverslun
Hagstætt verð
Hraðsending
Sendum um allt land
HEIMKAUP

## MÁNUDAGSLAGIÐ



**„Ég er afskaplega þagnarelskandi og svo fer þetta eftir mánudögum.“**

Auður Haralds, rithöfundur.

# Sigmundur Davíð fékk Strákabók að gjöf

Bjarni Fritzson og Kristín Tómasdóttir gáfu þingmönnum glaðning með fræðslugildi við góðar undirtektir.

Bjarni Fritzson og Kristín Tómasdóttir, höfundar jólabókarinnar Strákar, gerðu sér ferð á Alþingi fyrir stuttu til þess að gefa alþingismönnum eintak af bókinni og hvetja þá til þess að kynna sér stöðu stráka í samfélaginu og hlúa betur að þeim. Lögðu þau sérstaka áherslu á niðurstöður Písa-könnunarinnar og hrakandi námsárangur stráka.

„Fjöldi þingmanna kom til þess að kynna sér bókina og komust færri að en vildu. Var Össur Skarphéðinsson sérstaklega ósáttur við að hafa komið of seint til þess að næla sér í eintak af þessari áhugaverðu bók. Forsætisráðherra mætti og tók á móti hvatningu okkar og þótti efnið bæði mikilvægt og nauðsynlegt,“ segir Bjarni og bætir við að þverpólitísk samstaða hafi myndast um að bókin hefði verið ágætur kostur í náttborðsskúffum þingmannanna fyrir mismörgum áratugum síðan.

Þá rákust rithöfundarnir einnig á Kristínu Ástgeirsdóttur, framkvæmdastýru Jafnréttisstofu, og afhentu henni einnig eintak með sambærilegri hvatningu og alþingismennirnir fengu sem hún tók glöð á móti. - lkg



**JAHÁ** Sigmundur Davíð var ánægður með gjöfina.












# Súrrealískt að vinna með Ben Stiller

Ólafur Darri Ólafsson leikur á móti Ben Stiller í kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty en myndin verður frumsýnd hér á landi í byrjun næsta árs.

„Það var alveg truflað að vinna með Ben, hann er náttúrulega maður sem ég hef fylgst með svo lengi,“ segir Ólafur Darri Ólafsson, leikari en hann leikur á móti Ben Stiller í kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty. Myndin var forsýnd á sérstakri hátíðarforsýningu síðastliðinn fimmtudag í Smárabíói en allir salir bíósins voru þéttsettnir. Myndin verður svo frumsýnd á Íslandi 3. janúar.

„Myndin hefur fengið prýðis viðtökur en hún er ekki enn komin í almenna sýningu hér né í Bandaríkjunum, en hún hefur fengið góða dóma,“ segir Ólafur Darri.

Hann var viðstaddur frumsýningu myndarinnar á New York Film Festival í byrjun október. „Það var mjög gaman úti, en eftir forsýninguna í Smárabíói get ég líklega ekki mætt á fleiri forsýningar eða frumsýningar sökum mikilla anna,“ útskýrir Ólafur Darri.

Hann æfir þessa dagana leikritið Hamlet sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 11. janúar. Ólafur Darri leikur titilhlutverkið í verkinu. „Þetta er krefjandi hlutverk og maður þarf að vera í góðu formi,“ segir Ólafur Darri, sem var einmitt á leið í ræktina þegar blaðamaðurinn náði tali af honum. Meðal annarra verkefna sem hann hefur tekið að sér að undanförnu er að leika í þætti sem heitir Line of Sight. Ekki er víst hvort þættirnir fara í framleiðslu en gerður hefur verið prufuþáttur. Framhaldið er síðan óráðið, en það er enginn annar en Jonathan Demme sem leikstýrir þáttunum, en hann leikstýrði meðal annars The Silence of the Lambs. Handritið gerði Blake Masters, sem skrifaði meðal annars myndina 2 Guns, sem Baltasar Kormákur leikstýrði. „Ef þættirnir fara í framleiðslu, þá myndu tökur líklega hefjast í apríl eða maí í Atlanta í Georgíu. Þá þyrfti ég að búa úti í einhvern tíma.“

Ólafur Darri er fæddur í Connecticut í Bandaríkjunum árið 1973. „Ég bjó þar þangað til ég var þriggja eða fjögurra ára en hef ekkert búið í Bandaríkjunum síðan þá. Hins vegar á ég skyldmenni sem búa í Bandaríkjunum.“

Ólafur Darri segist helst vilja fá góða bók í jólagjöf. „Ég verð alltaf meira og meira jólabarn með árunum en mér stendur alltaf meira og meira á sama um hvað ég fæ í jólagjöf með árunum,“ gunnarleo@frettabladid.is



**Á RAUÐA DREGLINUM** Hér er Ólafur Darri á rauða dreglinum á New York Film Festival við frumsýningu myndarinnar The Secret Life of Walter Mitty. NORDICPHOTOS/GETTY



**BEN BIÐUR AÐ HEILSA** Ben Stiller fór fögrum orðum um Ólaf Darra áður en myndin var forsýnd í Smárabíó síðastliðinn fimmtudag. NORDICPHOTOS/GETTY

**Ef þættirnir fara í framleiðslu þá myndu tökur líklega hefjast í apríl eða maí, í Atlanta í Georgíu. Þá þyrfti ég að búa erlendis í einhvern tíma.**

*Ólafur Darri Ólafsson*

## Nokkur verkefni

- Búið er að gera prufuþátt fyrir AMC-Studios, sem kallast Line of Sight. Það er enginn annar en Jonathan Demme sem leikstýrir þáttunum en hann leikstýrði meðal annars The Silence of the Lambs. AMC-studios á meðal annars heiðurinn af þáttunum Breaking Bad og Mad Men.
- Þáttaröðin Banshee verður frumsýnd í Bandaríkjunum í janúar.
- True Detective er þáttaröð sem fer líklega í sýningu á Stöð 2 í janúar.
- Lék Ísleif Jökulsson fjallagarp í Harry og Heimi-myndinni en hún kemur út um páskana. Þess má til gamans geta að Ólafur Darri er mikill aðdáandi Harrys og Heimis og sögumannsins.
- Ófærð er íslensk þáttaröð sem Baltastar Kormákur og Sigurjón Kjartansson skrifa en þeir ásamt Magnúsi Viðari Sigurðssyni framleiða þættina. Þar leikur Ólafur Darri aðalhlutverkið, en hann leikur löggu sem tekst á við erfið mál.

# FÚSI




## ÉG HEF HAFIÐ STÖRF HJÁ FISKIKÓNGINUM

## FISKIVIKA

**Allir fiskréttir og ferskur hvítur fiskur úr fiskborði**

**1.390** kr.kg

*(ath ekki, lax eða silungur)*

**TILBOÐIÐ GILDIR TIL JÓLA**

*Allur hvítur fiskur er td. Rauðsprettuflök, Saltfiskur, Þorskhnakkar, Langa, Keila, Ýsuflök rl/bl, Steinbitur, Gellur, Kinnar. Þorskflök.*

**Laxaflök**

**1.790** kr.kg

**Regnbogasilungsflök**

**1.790** kr.kg

**Fiskikóngurinn**

Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Yngri leikkonur

**Saga Garðarsdóttir** leikkona las upp úr uppdiktaðri dagbók sinni á jólahlaðborði Þjóðleikhússins síðasta laugardag. Meðal þess sem dagbókin afhjúpaði var afbrýðisemi Sögu í garð enn yngri leikkvenna og ótti hennar við að bráðum verði hún látin leika móður Arnars Jónssonar, enda orðin 26 ára og því orðin miðaldra í skilningi leikhúsa. Þannig gerði hún grín að æskudýrkun í leikhúsinu við mikinn fögnuð viðstaddra.



### Andi jólanna

**Stefán Karl Stefánsson** hitti heimilislausan mann úti í Bandaríkjunum þar sem hann leikur Trölla sem stal jólunum. Manninn vantaði ellefu dollara fyrir gistingu í skýli fyrir heimilislausa. Stefán rétti honum tuttugu dollara. Korteri síðar kom heimilislausi maðurinn til baka með níu dollara afgang. Stefán sagði honum að hann mætti eiga afganginn og heimilislausi maðurinn bað Guð að blessa hann og fjölskyldu hans með bros á vör. Stefán segir á Facebook að þarna hafi hann hitt fyrir hinn sanna jólaanda.

**- ue**



## Mest lesið vísir

1. Liverpool slátraði Tottenham í Lundúnum
2. Öruggt hjá Manchester United í Birmingham
3. Aðgerð Hannesar Jóns gekk vel
4. Paul Walker kvaddur
5. Ísland mun leita réttar síns vegna IPA-styrkja




